



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnagötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 18. september 2025
USK24030262

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs dags. 17. september 2025 varðandi eftirfarandi mál:

Heiðmörk - Nýtt deiliskipulag - Skipulagslýsing

Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju skipulagslýsing umhverfis- og skipulagssviðs, dags. maí 2025, vegna nýs deiliskipulags Heiðmerkur. Leiðarljós með gerð deiliskipulags fyrir Heiðmörk er að tryggja öryggi og óbreytt gæði grunnvatns til langrar framtíðar og að svæðið nýtist áfram til útivistar í sátt við vatnsvernd. Að öðru leyti eru markmið deiliskipulagsins margþætt og eiga að tryggja samræmingu landnotkunar innan svæðisins til að forðast hagsmunaárekstra milli núverandi og framtíðar landnotkunar á svæðinu. Lýsingin var kynnt frá 22. maí 2025 til og með 2. júlí 2025. Athugasemdir og umsagnir bárust.

Umsagnir sem bárust á kynningartíma skipulagslýsingar kynntar fyrir umhverfis- og skipulagsráði.

Vísað til borgarráðs

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Heiðmörk er stærsta og fjölsóttasta útivistarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Fjöldi fólks á öllum aldri sækir Mörkina reglulega til að njóta náttúrunnar og kynnast gróðri, dýralífi, tjörnum, vötnum og jarðmyndunum. Greiður aðgangur almennings að grænum svæðum hefur ómetanlegt gildi fyrir lýðheilsu og menntun. Í fyrirliggjandi skipulagslýsingu vegna nýs deiliskipulags fyrir Heiðmörk kemur fram að takmarka eigi stórlega aðgang almennings að Heiðmörk í nafni vatnsverndar. Ekkert bendir hins vegar til þess að núverandi útivist á svæðinu hafi neikvæð áhrif á vatnsgæði. Með slíkri breytingu væri almennur réttur borgara til að njóta stærsta útivistarsvæðis höfuðborgarsvæðisins takmarkaður verulega. Innarlega í Heiðmörk eru mörg falleg svæði, sem langt er að sækja fótgangandi. Margir unnendur svæðisins eiga ekki auðvelt með gang. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja að unnt sé að tryggja gæði neysluvatns án þess að skerða stórlega aðgang almennings að Heiðmörk. Fyrirhugaðar lokanir, þar sem loka á öllu grannsvæði vatnsverndar fyrir bílaumferð orka afar tvímælis. Ófullnægjandi kynning og rökstuðningur fyrir takmörkunum á aðgangi að Heiðmörk hefur þegar haft neikvæð áhrif, t.d. vegna skipulagðra ferða skólabarna, sem erfitt er að sjá að ógni vatnsvernd. Tryggja verður greiðan aðgang að friðlandinu í Heiðmörk hér eftir sem hingað til. Óviðunandi væri að takmarka slíkan aðgang eins og nú virðist vera stefnt að.



Reykjavík



Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
Skrifstofa stjórnsýslu og gæða
Umhverfis- og skipulagssvið

Fylgiskjöl: Skipulagslýsing, dags. maí 2025, umsagnir og athugasemdir.



Reykjavík

HEIÐMÖRK

Maí 2025

**Skipulagslýsing
vegna nýs
deiliskipulags
Heiðmerkur**



Inngangur

Deiliskipulagslýsing þessi fjallar um nýtt deiliskipulag Heiðmerkur innan Reykjavíkur ásamt Rauðhólum en þar er nú þegar í gildi deiliskipulag.

Aðdragandi og tilgangur


Lengi hefur verið unnið að gerð deiliskipulags fyrir Heiðmörk eða allt frá árinu 2010. Vinnu við það skipulag var hætt árið 2013 en nú hefur verið ákveðið að endurvekja þessa vinnu í þeim tilgangi að tryggja verndun hreins neysluvatns til framtíðar og m.t.t. nógildandi skipulaga og samþykta.

Stofnaður hefur verið vinnuhópur sem fer fyrir deiliskipulagsvinnunni. Í hópnum eru fulltrúar frá Reykjavíkurborg, Veitum, Orkuveitu Reykjavíkur, Skógræktarfélagi Reykjavíkur og Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Landmótun hefur verið ráðin sem ráðgjafi vegna vinnu við deiliskipulagið.

Skipulagssvæðið

Heiðmörk er um 3200 ha að stærð, að Rauðhólum meðtöldum. Í Heiðmörk og nágrenni er vatnstökusvæði Höfuðborgarsvæðisins ásamt því að hún er stærsta útivistarsvæði Reykjavíkur og friðland sem vígt var 1950. Græni trefillinn sem umlykur allt höfuðborgarsvæðið liggur að hluta til um Heiðmörk. Landsvæði Heiðmerkur fellur auk Reykjavíkur undir tvö önnur sveitarfélög, þ.e. Garðabæ og Kópavog en deiliskipulag þetta mun aðeins ná yfir hluta Heiðmerkur er liggur innan sveitarfélagamarka Reykjavíkurborgar.

Deiliskipulagsvæðið afmarkast af Suðurlandsvegi til norðurs, ánni Bugðu, Elliðavatni og sveitarfélagamörkum Kópavogs til vesturs, gömlu Heiðmerkur girðingunni til austurs og sveitarfélagamörkum Garðabæjar til suðurs.



Mynd 1. Afmörkun Deiliskipulags fyrir Heiðmörk sem er 3200 ha.

Leiðarljós og markmið

Leiðarljós með gerð deiliskipulags fyrir Heiðmörk er **að tryggja öryggi og óbreytt gæði grunnvatns til langrar framtíðar og að svæðið nýtist áfram til útivistar í sátt við vatnsvernd.**

Að öðru leyti eru markmið deiliskipulagsins margþætt og eiga að tryggja samræmingu landnotkunar innan svæðisins til að forðast hagsmunarárekstra milli núverandi og framtíðar landnotkunar á svæðinu. Helstu markmið sem útfærð verða í samræmi við leiðarljós eru:

- Heiðmörk verði áfram fjölbreytt skógræktarsvæði þar sem gróðurþekja styður við vatnsgæði og viðhald hennar taki mið af vatnsvernd, brunavörnum, sjálfbærni og lýðheilsu.
- Heiðmörk verði áfram útivistarsvæði fyrir alla aldurshópa í sátt við vatnsvernd, með áherslu á vernd vistkerfa og náttúrufarsleg sérkenni.
- Skilgreina svæði eftir nýtingu þeirra, hlutverki og verndun.
- Skilgreina legu Græna stígsins í gegnum Heiðmörk með tilliti til vatns-, náttúruverndar og útivistar.
- Skilgreina og styrkja legu göngu-, hjóla- og reiðstíga um svæðið, með áherslu á tengingar við nærliggjandi byggð og aðliggjandi útivistarsvæði.
- Styrkja tengingu byggðar við Heiðmörk með áherslu á góð tengsl við almenningssamgöngukerfi og sjálfbæra ferðamáta.
- Dregið verði úr umferð ökutækja á grannsvæði vatnsverndar.
- Lögð verði áhersla á brunavarnir og brunahólfun.
- Skilgreina upphafsstaði útivistar með greinargóðum upplýsingum um svæðið
- Skilgreina hlutverk mannvirkja innan Heiðmerkur.
- Framtíðarsýn fyrir háspennulínur innan svæðisins verði mótuð með tilliti til vatnsverndar.

Með þessu móti verður Heiðmörk aðgengilegri og öruggari fyrir alla notendur, sérstaklega börn og eldra fólk, á meðan við tryggjum

viðhaldið á öryggi neysluvatnsins. Markmiðið er að hámarka heildarávinning samfélagsins með því að sameina útivist og vatnsvernd á skynsamlegan hátt.

Minjar

Nokkuð er um fornleifar á

Heiðmerkursvæðinu. Alls eru skráðar 104 fornminjar á Heiðmerkursvæðinu. Þar af eru 72 í landi Elliðavatns og 30 í landi Hólms. Bæði er um fornminjar svo og sögu- og búsetaminjar að ræða. Ný fornleifaskráning verður unnin fyrir svæðið sumarið 2025 sem nýtist við gerð deiliskipulagsins.

Áhættumat

Unnið verður sérstakt áhættumat fyrir Heiðmörk sem verður haft til hliðsjónar við gerð deiliskipulagsins. Það áhættumat verður unnið að Verkfræðistofunni Vatnaskil.

Veðurstofa Íslands er að vinna áhættumat vegna eldgosa og annarrar jarðrænnar náttúruvár fyrir Reykjanesskaga. Höfuðborgarsvæðið fellur þar undir og er áhættumatið m.a. unnið í samræði við sveitarfélögin, það verður einnig haft til hliðsjónar.

Tengsl við aðrar áætlanir og stefnur

Vatnaáætlun 2022-2027

Rammatilskipun Evrópusambandsins um verndun vatns (Directive 2000/60/ESB) var innleidd á Íslandi 2011. Í gildi er vatnaáætlun fyrir Ísland sem felur í sér stefnumörkun um vatnsvernd.

Samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla

Sameiginleg stefna allra sveitafélaganna á höfuðborgarsvæðinu um verndarsvæði vatnsbóla innan höfuðborgarsvæðisins. Þar koma m.a. fram skilgreiningar um landnotkun

á brunn-, grann-, fjar- og öryggissvæðum vegna grunnvatns.

Höfuðborgarsvæðið 2040

Gildandi svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins fyrir tímabilið 2015 – 2040 er sameiginleg skipulagsáætlun sveitafélaganna sjö á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt svæðisskipulaginu er skipulagssvæðið innan Græna trefilsins.

Aðalskipulag Reykjavíkur 2040

Í aðalskipulagi Reykjavíkur er Heiðmörk skilgreind sem opið svæði (OP16). Svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem er veitt á forsendum útivistar.

Deiliskipulag Rauðhóla

Markmið deiliskipulagsins er að hlúa að svæðinu og stuðla að vernd með því að skilgreina og afmarka svæði.

Deiliskipulag Suðurlandsvegar frá Fossvöllum að Hólmsá.


Deiliskipulagið liggur á smá kafla upp að deiliskipulagi Heiðmerkur. Markmið skipulagsins er að auka umferðaröryggi og afkastagetu Suðurlandsvegar með breikkun núverandi vegar á þeim vegkafla sem skipulagið nær til.

Deiliskipulag Heiðmerkur og Sandahóla (Garðabær)

Heiðmörk nær yfir svæði í Reykjavík, Kópavogi og Garðabæ og liggur Heiðmörk í Reykjavík að hluta til upp að Heiðmörk í Garðabæ.

Svæði á náttúruminjaskrá

Náttúruminjaskrá er skrá yfir friðlýst svæði á Íslandi og aðrar mikilvægar náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða. Undir listanum aðrar náttúruminjar eru tvö svæði sem tilheyrir Heiðmörk í Reykjavík, þ.e.:



Mynd 2 Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, þéttbýlisuppráttur

- 124. Elliðaárdalur, Reykjavík, Kópavogi.
- 125. Myllulækjartjörn í Heiðmörk, Reykjavík

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Eftirfarandi Heimsmarkmið tengjast gerð deiliskipulagsins sérstaklega:

6. Hreint vatn og hreinlætisaðstaða.

15. Líf á landi.



Umhverfisáhrif áætlunar

Fyrirhugað deiliskipulag er ekki matsskilyrt samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 en þar sem um vatnsverndarsvæði er að ræða þykir

mikilvægt að skoða helstu umhverfisþætti þess til þessa að tryggja verndun vatnsins. Í umhverfismatinu verður umfjöllun um vatn gerð góð skil. Aðrir umhverfisþættir sem verða skoðaðir eru vatnafar, land, líffræðilegur fjölbreytileiki, ferðamennska og útivist, heilsa og öryggi, menningaminjar.

Samráðs- og umsagnaraðilar

Samráðsfundir verða haldnir með helstu hagsmunahópum sem nota Heiðmörk til útivistar. Einnig samráð við lögbundnar stofnanir og hagsmunaaðila eins og Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Skógræktarfélag Reykjavíkur, Veitur, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Heilbrigðiseftirlit Kragans, Almannavarnir Náttúruverndarstofnun, Minjastofnun Íslands, Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins, Almannavarnir höfuðborgarsvæðisins, Svæðisskipulagsnefnd Höfuðborgarsvæðisins, Orkuveituna, SSH og Samband íslenskra sveitarfélaga, aðliggjandi sveitafélög og fleiri eftir atvikum.

Drög að skipulagsferli

Hér að neðan eru sett fram drög að tímalínu helstu verkáfanga og kynninga fyrir almenning:

2024	
október	Undirbúningsvinna og lýsing unnin.
nóvember	Fundur með hagsmunaaðilum
2025	
Mai	Lýsing kynnt og gerð aðgengileg. Lýsing send skipulagsstofnun og umsagnaraðilum. Skipulagstillaga í mótun.
Október - desember	Vinnslutillaga kynnt. Ópið hús þar sem vinnslutillaga er kynnt. Tillaga einnig aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar.
2026	
Janúar	Auglýsing skipulagstillögu. Hagsmunaaðilum gefst nú sex vikur til að senda inn athugasemdir.
Febrúar	Deiliskipulagið sent til Skipulagsstofnunar ásamt athugasemdum sem bárust.
Mars	Deiliskipulag staðfest í B- deild stjórnartíðinda.



REYKJAVÍK

**Umhverfis- og
skipulagssvið**



Reykjavík
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Garðabær, 18. júní 2025
202505-0124/A.B.
08.02

Efni: Umsögn - Lýsing - Deiliskipulag – Heiðmörk - Reykjavík.

Vísað er í erindi skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar sem barst dags. 20. maí 2025, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um skipulagslýsingu vegna nýs deiliskipulags fyrir Heiðmörk innan marka Reykjavíkur.

Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið sem lýsingin nær til er hluti af hinu víðfeðma svæði Heiðmerkur, sem alls spannar um 3.200 ha, þar með talin Rauðhólasvæðið. Deiliskipulagið sem hér um ræðir tekur eingöngu til þeirra hluta Heiðmerkur sem tilheyra Reykjavíkurborg. Svæðið er afmarkað af Suðurlandsvegi til norðurs, ánni Bugðu, Elliðavatni og sveitarfélagamörkum Kópavogs til vesturs, gömlu girðingu Heiðmerkur til austurs og sveitarfélagamörkum Garðabæjar til suðurs.

Í skipulagslýsingunni kemur fram að meginmarkmið skipulagsins sé að tryggja langtímaöryggi neysluvatns, stýra aðgengi að svæðinu og samræma landnotkun með tilliti til sjálfbærni, útivistar og náttúruverndar. Lögð er áhersla á að viðhalda Heiðmörk sem útivistarsvæði og skógræktarsvæði, styðja við líffræðilega fjölbreytni og vistkerfi, draga úr umferð ökutækja, skilgreina hlutverk mannvirkja og stíga og móta framtíðarsýn fyrir háspennulínur með hliðsjón af vatnsvernd.

Heiðmörk er skilgreind sem hluti af Græna trefilnum í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og sem opið svæði fyrir útivist í aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 (OP16). Þá eru hlutar svæðisins á náttúruminjasrá og fram kemur að fornleifaskráningu fyrir svæðið verði lokið sumarið 2025.

Samantekt

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á eftirfarandi atriði sem mikilvægt er að rýna nánar við mótun tillögu að deiliskipulagi:

- Gera grein fyrir áhrifum á hraun, votlendi og birkiskóga sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.
- Umfjöllun, sýna afmörkun og meta áhrif á friðlýst svæði á borð við Rauðhóla og Bláfjallafólkvang
- Kortleggja vistgerðir og meta verndargildi og álagsþol þeirra.
- Greina áhrif á fuglalíf og tryggja vernd búsvæða við tjarnir og í votlendi.

- Meta áhrif á ásýnd svæðisins og náttúrulegt landslag í samræmi við 69. gr. laga nr. 60/2013.
- Tryggja að skógrækt raski ekki hraunmyndunum og horfa til endurheimtar raskaðra hraunfláka.
- Stýra aðgengi og umferð með hliðsjón af vernd viðkvæmra svæða og tryggja aðgengi almennings að náttúru til bættir lýðheilsu og fræðslu.
- Skilgreina mótvægisáðgerðir og tryggja samráð við fagstofnanir.

Friðlýst svæði og náttúruminjaskrá

Náttúruverndarstofnun bendir á að hluti þess svæðis sem deiliskipulagstillagan nær til er þegar friðlýstur samkvæmt náttúruverndarlögum, en Rauðhólar eru innan skipulagssvæðisins og hafa verið friðlýst náttúruvætti frá árinu 1968 samkvæmt auglýsingu í Stjórnartíðindum, nú með stoð í 2. mgr. 53. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Um er að ræða sérstakar jarðmyndanir sem teljast til mikilvægra jarðminja á landsvísi, og njóta þær friðunar vegna landslags, fræðilegs gildis og verndunarstöðu.

Í skipulagslýsingunni kemur fram að Rauðhólar falli undir núverandi deiliskipulag, en um leið er ljóst að nýtt heildarskipulag fyrir Heiðmörk þarf að virða gildandi friðlýsingu og tryggja að mótvægisáðgerðir, landnotkun og mannvirkjagerð verði í fullu samræmi við verndarmarkmið friðlýsingarinnar.

Auk Rauðhóla eru hlutar svæðisins skráðir á náttúruminjaskrá, sem haldin er samkvæmt 9. gr. náttúruverndarlaga og gefin út af Umhverfisstofnun. Þar má nefna Myllulækjartjörn í Heiðmörk (nr. 125) og Elliðaárdal (nr. 124), sem báðir teljast til mikilvægra náttúruminja í Reykjavík samkvæmt skrá yfir „aðrar náttúruminjar“.

Náttúruverndarstofnun bendir jafnframt á að suðausturhluti skipulagssvæðisins liggur nærri eða hugsanlega að hluta innan Bláfjallafólkvangs, sem friðlýstur var sem fólkvangur árið 1978. Fólkvangar eru friðlýst svæði samkvæmt 53. gr. náttúruverndarlaga, og ber að tryggja að skipulag taki fullt mið af verndarmarkmiðum þeirra og ásýnd svæðanna.

Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að í tillögu að deiliskipulagi verði friðlýst svæði og önnur náttúruminjar afmörkuð nákvæmlega á uppdrætti, og tryggt að þær njóti viðeigandi verndar, bæði í stefnu, afmörkun og aðgerðum. Þess er vænst að áhrif framkvæmda og áformaðrar landnotkunar á þessi svæði verði metin sérstaklega.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Náttúruverndarstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins í Heiðmörk eru fjölbreytt náttúruvættir sem kunna að falla undir ákvæði 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, þar á meðal hraun, votlendi og náttúrulegir birkiskógar. Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvættanna, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Á svæðinu eru eldhraun og tengdar jarðmyndanir, meðal annars í tengslum við Rauðhóla og nærliggjandi hraunlög sem enn eru víða greinanleg á yfirborði, þrátt fyrir skógrækt og uppgræðslu.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er mikilvægt að slík hraun njóti verndar samkvæmt lögunum, og sérstaklega að ekki sé ráðist í frekari röskun vegna skógræktar, stígalagningar, ræktunar eða annarrar uppbyggingar. Þvert á móti er tilefni til að draga úr gróðursetningu fram yfir hraunfláka og gera sýnileg hraun aðgengileg almenningi og til fræðslu.

Votlendi er einnig að finna innan svæðisins, og njóta þau sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. Votlendi gegnir lykilhlutverki í vistkerfum Heiðmerkur og er búsvæði fjölmargra fuglategunda og votlendisplantna. Endurheimt votlendis ætti að vera hluti af skipulagsmarkmiðum.¹

Náttúruverndarstofnun bendir á að Land og skógur hefur það hlutverk að skilgreina og kortleggja náttúrulega birkiskóga sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Þá má víða finna náttúrulega birkiskóga, sem teljast til verndaðra vistgerða og gegna mikilvægu hlutverki fyrir líffræðilega fjölbreytni. Skógræktaraðgerðir þurfa að vera meðvitaðar um þau mörk sem greina á milli náttúrulegs skóglendis og ræktunar, og tryggt að ekki sé gengið á verndargildi birkiskóga.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að gerð verði nákvæm úttekt á verndargildi þessara þátta og að fyrirhugaðar framkvæmdir verði metnar sérstaklega með hliðsjón af 61. gr. Þá ber samkvæmt lögunum að kanna hvort um sé að ræða yfirgnæfandi almannahagsmuni, leggja mat á raunhæfa valkosti og setja fram mótvægisáðgerðir.

Vistgerðir og fuglalíf

Innan skipulagssvæðisins í Heiðmörk er fjölbreytt samspil vistgerða, m.a. birkiskógar, lyngmóar, grónar hraunjaðrir, tjarnir og votlendi. Þar á meðal eru starungsmýrarvistir, sem eru viðkvæmar vistgerðir með hátt verndargildi. Slík svæði gegna lykilhlutverki fyrir líffræðilega fjölbreytni og þurfa að njóta sérstakrar verndar við skipulagsgerð.

Í skipulagslýsingunni kemur ekki fram ítarleg greining á vistgerðum, né á verndargildi þeirra með tilliti til vistgerðaflokkunar Náttúrufræðistofnunar. Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að unnin verði nákvæm kortlagning vistgerða á svæðinu áður en frekari útfærsla skipulagsins fer fram, og að tekið verði mið af aðferðafræði vistgerðaskráningar við mat á verndargildi og álagsspoli.

Votlendi og tjarnir eru einnig mikilvæg búsvæði fjölmargra varpfugla, einkum vaðfugla og andfugla, sem nýta svæðin til varps, fæðunáms og hvíldar. Heiðmörk er hluti af stærra samfelldu búsvæðaneti sem nær til Myllulækjartjarnar og Elliðavatns, sem bæði eru á náttúruminjasrá.

Að mati stofnunarinnar þarf að leggja sérstaka áherslu á að forðast röskun á tjörnum, votlendi og mosabembum sem mynda mikilvæga varpstaði og fæðusvæði fugla. Allar

¹ <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/ramsarsvaedi/um-votlendi/>

framkvæmdir sem fela í sér stígalagnir, jarðvegsrasks eða gróðursetningu í nálægð slíkra svæða þurfa að byggjast á vistfræðilegu mati. Þá ber að tryggja að ekki verði raskað verndarsvæðum sem gegna lykilhlutverki í fuglalífi, og að dregið verði úr truflun með mótvægisáðgerðum eins og stýringu umferðar og tímabundnum aðgangstakmörkunum á varptíma.

Náttúruverndarstofnun bendir á að allir fuglar njóta friðunar samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nema sérstaklega hafi verið kveðið á um annað í reglugerð. Friðun tekur einnig til eggja og hreiðra. Í 2. mgr. 6. gr. laganna segir jafnframt að ávallt skuli gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Þessum sjónarmiðum ber að fylgja við alla skipulagsgerð.

Landslag og ásynd

Heiðmörk hefur mikið landslagsgildi, bæði vegna náttúrufars og útivistar, og er ásynd svæðisins órjúfanlegur hluti af upplifun almennings. Hraunmyndun, birkikjarr, mýrar, mosavaxnir flákar og útsýni einkenna svæðið og skapa mikilvægt sjónrænt samhengi. Samkvæmt 69. gr. náttúruverndarlaga skal við skipulagsgerð taka sérstakt tillit til verndunar landslags og ásyndar. Náttúruverndarstofnun telur brýnt að mat verði lagt á áhrif skipulags og framkvæmda á ásynd svæðisins og að forðast röskun á náttúrulegum landformum og samfelldum gróðurflákum. Útlit stíga, mannvirkja og gróðursetninga þarf að samræmast landslagi og náttúrulegu yfirbragði.

Aðgengi og samgöngur

Í skipulagslýsingunni er lögð áhersla á að bæta aðgengi að Heiðmörk með vistvænum ferðamáta, styrkja tengingar við almenningssamgöngur og draga úr bílaumferð nær vatnsverndarsvæðum.

Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að tryggt sé jafnt aðgengi almennings að útivistarsvæðinu til náttúruupplifunar, heilsueflingar og fræðslu. Auk þess leggur stofnunin áherslu á að stýra aðgengi með hliðsjón af náttúruverndargildi svæða og forðast uppbyggingu á viðkvæmum svæðum.

Náttúruverndarstofnun telur að beina ætti umferð að þegar röskuðum/mótuðum svæðum og skilgreina svæði þar sem takmarka þarf aðgengi vegna náttúrufarslegra þátta. Sérstaklega ber að forðast röskun í nágrenni votlendis, hraunmyndana og friðlýstra svæða.

Deiliskipulag fyrir Rauðhóla

Náttúruverndarstofnun bendir á að deiliskipulagið fyrir fólkvang Rauðhóla var unnið í samstarfi milli Reykjavíkurborgar, OR og Umhverfisstofnunar (auk aðkomu annar aðila). Deiliskipulag fyrir Rauðhóla er til grundvallar stjórnunar- og verndunaráætlun fyrir svæðið. Vinnan við gerð stjórnunar – og verndaráætlunar er hafin, en er í dag í bið. Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að sú metnaðarfulla vinna sem var unnin við gerð deiliskipulagsins fyrir Rauðhóla haldi gildi sínu.

Samráð

Í skipulagslýsingunni er gert ráð fyrir samráði við margvíslegar stofnanir, þar á meðal Náttúruverndarstofnun. Að mati stofnunarinnar er brýnt að slíkt samráð verði markvisst, sérstaklega um friðlýst svæði á borð við Rauðhóla og hugsanleg áhrif á Bláfjallafólkvang.

Stofnunin óskar eftir samráðsfundi við skipulagsyfirvöld um vernd friðlýstra svæða, vistgerða, ásýndar og þeirra þátta sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga. Slíkt samráð er forsenda fyrir faglegri útfærslu mótvægisáðgerða og rýni á áhrifum framkvæmda.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

René Biasone

sérfræðingur

Reykjavíkurborg
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Garðabæ, 23. júní 2025
Mál nr. 2506248

Efni: Heiðmörk - USK24030262 - ósk um umsögn

Á fundi skipulagsnefndar þann 19. júní sl. var tekið fyrir ofangreint mál og eftirfarandi bókun gerð.

„Skipulagsnefnd Garðabæjar leggur áherslu á nauðsyn þess að vinna við gerð nýs deiliskipulags Heiðmerkur og verkefni því tengdu séu unnin í góðri samvinnu við Garðabæ.

Skipulagsnefnd tekur undir það sjónarmið að tryggja þurfi öryggi neysluvatns á höfuðborgarsvæðinu en leggur jafnframt áherslu á að leita skuli allra leiða til að

skerðing á aðgengi almennings að Heiðmörk sem útivistarsvæði verði sem minnst. Mikilvægt er að tryggja jafnvægi milli verndar og

aðgengis í sátt við alla hagaðila.

Skipulagsnefnd vísar deiliskipulagi Heiðmerkur til umsagnar hjá Umhverfissviði Garðabæjar á seinni skipulagsstigum.“

Virðingarfyllst,


Arinbjörn Vilhjálmsson
skipulagsstjóri



Vakin er athygli á því að erindi þetta verður ekki sent með bréfpósti nema óskað sé eftir því sérstaklega.

Reykjavíkurborg

Mál USK24030262

Þuríður María Guðmundsdóttir, Reykjavíkurborg

Skilað á Skipulagsgátt

Reykjavík 25. júl 2025

Nýtt deiluskipulag Heiðmerkur

Landvernd hefur kynnt sér nýtt deiluskipulag Heiðmerkur og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Almannaréttur og náttúruvernd

Frjáls för almennings úti í náttúrunni er með mestu samfélagslegu verðmætum þjóðarinnar og sá þáttur í náttúruvernd sem þarf að taka stóraukið tillit til á tímum þar sem náttúruauðlindir verða sífellt eftirsóttari og efnahagslega verðmætari. Gott aðgengi almennings að útivistarperlum og gróðurvinjum styður við lýðheilsu, menningu, sjálfsmynd fólks og þar með líka svo um munr við verndun náttúrunnar. Rannsóknir hafa leitt í ljós að útivistargildi Heiðmerkur er verðmætasti þáttur svæðisins og nauðsynlegt er að taka fullt tillit til þess í öllum áformum um svæðið. Í friðlandinu í Heiðmörk hafa sjálfbærliðar úr öllum stigum samfélagsins, í skipulögðum hópum, samtökum, skólum, mannrækt, trjárækt, náttúrunýtingu og útivistarfélögum byggt upp þau verðmæti sem Heiðmörk býr yfir í dag. Þau þarf að verja og hlúa að þeim áfram.

Lokanir ekki léttvægar

Að takmarka aðgengi að almenningum og útivistarsvæðum er ekki léttvæg ákvörðun. Til slíkra úrræða skal aðeins grípa af brýnni nauðsyn og þá að undangenginni vinnu óhlutdrægra aðila sem byggja á almannahagsmunum og verndarsjónarmiðum. Slík vinna verður að vera hafin yfir skammtímahagsmuni og arðsemiskröfur fyrirtækja sem nýta auðlindir þjóðarinnar. Hin síðari ár hefur brugðið svo við að sjónarmiðum arðsemi og verndar hefur verið blandað saman sem leitt hefur til tortryggni almennings og ógagnsæis um raunverulegan tilgang lokana og/eða gjaldtöku á svæðum sem eru sameign þjóðarinnar. Gjaldtaka, lokanir og uppbygging innviða við náttúruperlur er því miður ekki að þróast þannig að skýrt sé að vernd og almannahagsmunir ráði.

Fyrirhugaðar lokanir í Heiðmörk, þar sem loka á öllu grannsvæði vatnsverndar fyrir bílaumferð, eru eitt af mörgum dæmum um verndaraðgerðir sem byggja á áætlunum eins fyrirtækis og stjórnvalda, en virðast koma notendum Heiðmerkur illa og að óvörum. Ófullnægjandi kynning og rökstuðningur fyrir takmörkunum á aðgengi í Heiðmörk síðustu árin, hefur þegar bitnað á útivist og almenningi, til dæmis á skipulagðri útivist

skólabarna, sem erfitt er að sjá að ógni vatnsvernd. Túlkun Veitna á því hvað er almenn útivist hefur ekki reynst vel til þess fallin að skapa skilning á því að verið sé að verja almannahag, heldur líður fólki eins og verið sé að skerða hag þess.

Landvernd styður Vatnsvernd og almannarétt

Stjórn Landverndar styður heilshugar við vatnsvernd og hverja þá aðgerð sem nauðsynlega þarf að ráðast í til að tryggja borgarbúum hreint vatn til framtíðar. Jafnframt styður Landvernd stjórnarskrárbundinn rétt fólks til fjálsrar farar í náttúrunni. Því telur Landvernd mikilvægt að allar tillögur sem fram hafa komið um sem minnst íþyngjandi leiðir til að tryggja vatnsvernd og um leið heilnæmt náttúrulegt umhverfi borgarbúa verði metnar með hagsmuni samfélagsins í heild að leiðarljósi.

Grannsvæði vatnsverndar nær yfir megnið af Heiðmörk og verður samkvæmt áætluninni lokað fyrir bílaumferð á víðfeðmu svæði, þar sem eru margar útivistarperlur. Fólk gæti þá þurft að ganga þrjá til fjóra kílómetra til að komast á vinsæl útivistarsvæði í Heiðmörk. Sömuleiðis verða 34 hektarar við Myllulækjartjörn afgirtir með gaddavírsgirðingu sem lokar líka gönguleið um Ríkishring, eða gjörbreytir henni. En þessi hringur er vinsælasta gönguleiðin í Heiðmörk.

Aðrar leiðir færar

Vatnsverndarsvæði í útjaðri borga eru algeng víða um heim og þau eru oft á sama tíma mikilvæg útivistarsvæði. Fjölmargar fyrirmyndir eru til um hvernig farið er að því að samþætta ólíkar þarfir nýtingar á slíkum svæðum. Og langur vegur er frá því að lokanir eins og Veitur stefna að teljist nauðsynlegar í grennd við borgir í mörgum öðrum löndum. Grunnvatnsauðlind Íslands er mikil og góð, betri en víðast. Skógar og gróðurvinjar eru hinsvegar takmarkaðri auðlind á Íslandi en í flestum nágrannalöndum og því mikilvægt að gæta vel að því að skerða ekki aðgengi almennings að slíkum svæðum. Bent hefur verið á ýmsar leiðir sem þjónað gætu hagsmunum náttúru og almennings án þess að grípa til lokana sem hindra aðgengi fólks í þeim mæli sem boðað er.

Niðurstaða

Landvernd telur að mikil vinna sé óunnin í að tryggja þau verðmæti sem þjóðin á og felast í náttúru, gróðurvinjum og samfélagslegum verðmætum í Heiðmörk. Ýmislegt bendir til þess að ekki hafi verið reynt til hlítar að ná sameiginlegri niðurstöðu sveitarfélaga og lögaðila sem eiga Heiðmörk og tryggja vatnsvernd, án þess að ganga gegn almannarétti og öðrum hagsmunum, náttúruverndar, ræktunar, fræðslu og útivistar. Landvernd vonast til þess að sú vinna verði sett í forgang með aðkomu frjálsra félagsamtaka og almennings sem byggt hefur upp svæðið á síðustu 75 árum.

Ályktun stjórnar Landverndar

Heiðmörk er stærsta og fjölsóttasta útivistarsvæði höfuðborgarsvæðisins, með fjölbreyttum gróðri og einstökum jarð- og vatnafræðilegum eiginleikum. Svæðið er opið öllum – börnum og eldri borgurum, einstaklingum með ólíka færni og hreyfanleika. Mikilvægt er að tryggja áframhaldandi aðgengi allra að Heiðmörk, svo fólk geti dvalist í náttúrunni, kynnst henni og notið útivistar á fjölbreyttan hátt.

Aðalfundur Landverndar hvetur alla sem koma að framtíðarskipulagi Heiðmerkur til að virða almannarétt og beita meðalhófi í ákvarðanatöku. Þannig má tryggja að nauðsynleg verndun vatnsbóla verði ekki á kostnað aðgengis almennings að náttúru og útivistarsvæðum. Leita skal allra leiða til að samræma markmið um vatnsvernd og rétt fólks til aðgangs að náttúru, í anda sjálfbærrar þróunar og lýðræðislegra sjónarmiða.

Með vinsemd og virðingu

Fyrir hönd stjórnar

Þorgerður María Þorbjarnardóttir

Formaður



Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartúni 12-12
105 Reykjavík

Reykjavík 2. júlí 2025
2025070017

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur í máli nr. 690/2025 í skipulagsgátt, Heiðmörk - USK24030262. Skipulagslýsing

Vísað er til máls nr. 690/2025 í skipulagsgátt, Heiðmörk - USK24030262. Skipulagslýsing. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur farið yfir málið og gögn þess og gefur eftirfarandi umsögn

HER tekur þátt í samstarfshópi um vinnslu deiliskipulagsins og hefur komið að gerð þessarar skipulagslýsingar. HER gerir því ekki athugasemdir við framlagða skipulagslýsingu.

HER áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllt

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
Verkefnastjóri

Umhverfis-og skipulagssvið
Reykjavíkur
Borgartúni 12

Skipulagsgátt mál nr. 690/2025

Kópavogur, 2. júlí 2025
Tilvísun: K-20949

Efni: Nýtt deiliskipulag Heiðmerkur

Deiliskipulagslýsingin fjallar um nýtt deiliskipulag Heiðmerkur innan Reykjavíkur ásamt breytingum á skipulagi fyrir Rauðhólasvæðið, en þar liggur nú þegar fyrir deiliskipulag. Lengi hefur verið unnið að deiliskipulagi fyrir Heiðmörk eða allt frá árinu 2010. Heiðmörk er um 3200 ha að Rauðhólum meðtöldum, þ.e. það svæði sem er innan borgarmarka Reykjavíkur, það er það svæði sem er til umfjöllunar. Leiðarljós með gerð deiliskipulags fyrir Heiðmörk er að tryggja öryggi og óbreytt gæði grunnvatns til langrar framtíðar og að svæðið nýtist áfram til útivistar í sátt við vatnsvernd. Helstu markmið sem útfærð verða í deiliskipulaginu eru eftirfarandi:

- Heiðmörk verði áfram fjölbreytt skógræktarsvæði þar sem gróðurþekja styður við vatnsgæði og viðhald hennar taki mið að vatnsvernd, brunavörnum, sjálfbærni og lýðheilsu.
- Heiðmörk verði áfram útivistarsvæði fyrir alla aldurshópa í sátt við vatnsvernd, með áherslu á vernd vistkerfa og náttúrufarsleg sérkenni.
- Skilgreina svæði eftir nýtingu þeirra, hlutverki og verndun.
- Skilgreina legu Græna stígsins í gegnum Heiðmörk með tilliti til vatns-, náttúruverndar og útivistar.
- Skilgreina og styrkja legu göngu-, hjóla- og reiðstíga um svæðið, með áherslu á tengingar við nærliggjandi byggð og aðliggjandi útivistarsvæði.
- Styrkja tengingu byggðar við Heiðmörk með áherslu á góð tengsl við almenningssamgöngutæki og sjálfbæra ferðamáta.
- Dregið verði úr umferð ökutækja á grannsvæði vatnsverndar.
- Lögð verð áhersla á brunavarnir og brunahólfun.
- Skilgreina upphafsstaði útivistar með greinargóðum upplýsingum um svæðið.
- Skilgreina hlutverk mannvirkja innan Heiðmerkur.
- Framtíðarsýn fyrir háspennulínur innan svæðisins verði mótuð með tilliti til vatnsverndar.

Sameiginleg stefna allra sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um vatnsvernd kemur fram í samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæmi höfuðborgarsvæðisins sem var samþykkt og birt 19. júní 2015 að undangenginni umtalsverðri undirbúningsvinnu og í góðri sátt allra sveitarfélaga. Markmið samþykktarinnar er að tryggja verndun grunnvatns vatnsverndarsvæða höfuðborgarsvæðisins þannig að gæði á vatnstökustað uppfylli ávallt kröfur sem eru gerðar til öryggi neysluvatns og þannig verði hægt að stuðla að hámarkshollustu og gæðum ómeðhöndlaðs neysluvatns á höfuðborgarsvæðinu til framtíðar með því að koma í veg

fyrir óæskileg áhrif af völdum athafna, starfsemi og umsvifa á vatnsverndarsvæðum vatnsbóla á svæðinu.

Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnes ítrekar mikilvægi vatnsverndar á deiliskipulagssvæðinu og leggur áherslu á að ekki verið vikið frá þeim mikilvægu markmiðum sem fram koma í samþykktum um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðin, um að tryggja verndun grunnvatns á vatnsverndarsvæðum höfuðborgarsvæðisins.

Útvíkun byggðar og fjölgun íbúa hefur aukið álag á vatnsból auk þess sem mikil aukning hefur verið í að skipuleggja viðburði og uppákomur á svæðinu. Skipulagsgerð á svæðinu þarf að taka mið af hvar hægt er að koma því við með þeim hætti að slík starfsemi sé á jaðri svæðanna og að fylgt sé þeim öryggiskröfum sem gerðar eru til slíkrar starfsemi.

Heiðmörk gegnir mikilvægu hlutverki sem útivistarparadís höfuðborgarsvæðisins, ekki síst á grundvelli skógræktar á svæðinu sem hefur bætt landsvæði til útivistar og fegrað umhverfið. Skógrækt á vatnsverndarsvæðum stuðlar að verndun viðkomandi svæða og kemur í veg fyrir sótt er í svæðið undir byggð eða aðra uppbyggingu. Það er því mikilvægt að viðhalda góðu samstarfi skógræktar og vatnsverndar til framtíðar.

Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllt,
f.h. Heilbrigðiseftirlitsins



Hörður Þorsteinsson
framkvæmdastjóri HEF

Hafnarfirði, 26. júní 2025

Umsögn vegna gerð nýs deiliskipulags í Heiðmörk – lýsing.

Hafnarfjarðarbær gerir ekki athugasemd við skipulagslýsingu nýs deiliskipulags í Heiðmörk.

Berglind Guðmundsdóttir

Umhverfis- og skipulagssvið

Norðurhella 2

221 Hafnarfjörður



Umsögn skipulagsfulltrúa

Dags. 10.06.2025

One nr: 25052622

Heiti: Nýtt deiliskipulag Heiðmerkur.

Efni: Umsagnarbeðni um lýsingu skipulagsverkefnis.

Forsendur máls

Dags. 22. maí 2025 barst umsagnarbeðni frá Reykjavíkurborg þar sem óskaði er eftir umsögn Kópavogsbæjar um skipulagslýsingu vegna deiliskipulags Heiðmerkur dags. í maí 2025. Á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa Kópavogsbæjar 26. maí 2025 var umsagnarbeðni vísað til verkefnastjóra.

Deiliskipulagslýsing fjallar um nýtt deiliskipulag Heiðmerkur innan Reykjavíkur ásamt Rauðhólum en þar er nú þegar í gildi deiliskipulag. Um verkefnið segir á skipulagsgátt (mál nr. 690/2025) „Leiðarljós með gerð deiliskipulags fyrir Heiðmörk er að tryggja öryggi og óbreytt gæði grunnvatns til langrar framtíðar og að svæðið nýtist áfram til útivistar í sátt við vatnsvernd. Að öðru leyti eru markmið deiliskipulagsins margþætt og eiga að tryggja samræmingu landnotkunar innan svæðisins til að forðast hagsmunaárekstra milli núverandi og framtíðar landnotkunar á svæðinu.“

Skipulagssvæðið liggur að sveitarfélagamörkum Kópavogsbæjar til norður og suðurs. Nú er að hefjast vinna við aðal- og deiliskipulag á svæðinu sem er norðan við deiliskipulagssvæðið, í Vatnsendahlíð og Vatnsvík. Kópavogsbær leggur áherslu á gott samhengi útivistarsvæða og hjóla- og göngutenginga milli deiliskipulagssvæðis Heiðmerkur og Kópavogsbæjar.

Kópavogsbær er með vatnsból í Vatnsendakrikum í Heiðmörk. Aðkoma að vatnsbóli er um það svæði sem unnið er að skipulagi fyrir. Kópavogsbær bendir á að mikilvægt er að aðkoma bæjarins að vatnsbóli verði ekki skert í deiliskipulagsvinnu.

Niðurstaða skipulagsfulltrúa

Kópavogsbær gerir ekki athugasemd við skipulagslýsingu deiliskipulags Heiðmerkur.

Virðingarfyllst f.h. skipulagsfulltrúa

Andrea Kristinsdóttir
verkefnastjóri aðalskipulags



Rafræn skilríki

Undirritað af: Andrea Kristinsdóttir

Tími: 10.06.2025 13:40
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með 



Reykjavíkurborg

Ráðhúsinu

101 Reykjavík

Mosfellsbær, 12. júní 2025

nr. 202506325/19.3 KP

Heiðmörk - nýtt deiliskipulag Reykjavíkurborgar

Umsagnarbeiðni barst frá Reykjavíkurborg vegna verk- og skipulagslýsingar nýs deiliskipulags Heiðmerkur. Athugasemdafrestur er til og með 02.07.2025. Umsögn skipulagsfulltrúa er rituð fyrir hönd Mosfellsbæjar en bæði umsögn og lýsing verður kynnt skipulagsnefnd og bæjarstjórn.

Umsögn:

Skipulagslýsing fyrir Heiðmörk, sem nær til svæða innan Reykjavíkur, byggir á endurvakinni vinnu við deiliskipulag frá 2010. Markmiðið er að tryggja öryggi og gæði grunnvatns til framtíðar og vernda útivistarsvæðið í sátt við vatnsvernd. Heiðmörk er stórt og fjölnota svæði innan græna trefils höfuðborgarsvæðisins og gegnir lykilhlutverki í náttúruvernd, lýðheilsu og sjálfbærri nýtingu. Í skipulagslýsingunni er lögð áhersla á að bæta aðgengi, vernda vistkerfi og stýra landnotkun. Þá verður áhættumat unnið sérstaklega og viðtækt samráð haft við hagsmunaaðila og stofnanir á öllum stigum skipulagsferlisins.

Mosfellsbær fagnar framlagðri skipulagslýsingu fyrir Heiðmörk og þeirri áherslu sem lögð er á að samræma útivist, náttúruvernd og vatnsvernd innan þessa mikilvæga svæðis. Heiðmörk er ekki aðeins mikilvægt svæði í vatnsöflun heldur líka eitt stærsta virkasta græna svæði höfuðborgarsvæðisins. Í því samhengi vill Mosfellsbær leggja sérstaka áherslu á mikilvægi þess að Heiðmörk styrki „Græna trefilinn“, samfellda flétту útivistar- og náttúruverndarsvæða umhverfis þéttbýli svæðisins. Skipulagslýsingin leggur eðlilega áherslu á að tryggja gæði grunnvatns til framtíðar og fellur það vel að sameiginlegri stefnu sveitarfélaganna um vatnsvernd og náttúruvernd. Hins vegar vill Mosfellsbær leggja áherslu á að tryggt verði jafnvægi milli náttúruverndar og aðgengis fyrir almenning. Græni trefillinn er ætlaður sem sameiginlegt útivistarsvæði allra íbúa höfuðborgarsvæðisins, og því er mikilvægt að Heiðmörk gegni sínu hlutverki innan þess ramma með meðvitundum og samræmdum hætti.

Græni trefillinn – gildi og hlutverk

Heiðmörk er kjarnapunktur í þessari grænu flétту og skipulagið ætti því að stuðla að skýrum, öruggum og fjölbreyttum tengingum um og að svæðinu frá nálægri byggð. Mikilvægt er að aðgengi verði jafnt fyrir alla í samræmi við þau markmið sem lýst er í skipulagslýsingunni. Í því samhengi er mikilvægt að þeir sem vilja nýta útivistina komist að helstu áfangastöðum og upphafi vinsælla gönguleiða. Skert aðgengi kæmi niður að notkun þess, en íbúar í þéttri byggð sækja í gróin útivistarsvæði. Annað gróið, fallett og aðgengilegt svæði er að Hólmsheiði (við Græna trefilinn) en sökum þess að það er utan vatnsverndar eru áform Reykjavíkurborgar á þá leið að byggja það svæði upp sem athafnabyggð.

Áhersla á mótvægisáðgerðir vegna vatnsverndar

Mosfellsbær vill sérstaklega vekja athygli á að við skipulagsgerð, hönnun og framkvæmdir innan Heiðmerkur ber að gera skýra og meta hugsanlegar mótvægisáðgerðir vegna vatnsverndar. Huga skal að tillögugerð um áðgerðir til að verja vatnsbólið fyrir hugsanlegri mengun, m.a. með stýringu yfirborðsvatnsflæðis, jarðvegsskiptum með ísogseiginleikum og endurskoðun viðbragðsáætlana, í stað þess að hefta aðgengi verulega. Lagt er til að slík atriði verði höfð til hliðsjónar við áhættumat fyrir Heiðmörk. Skoða skal jarðveg við vegfláa fyrir efni sem hefur góða ísogseiginleika til að draga úr áhrifum slysa og tryggja öryggi neysluvatns til framtíðar.

Mosfellsbær gerir ekki að öðru leyti efnislegar athugasemdir við skipulagslýsinguna að þessu stigi en mun veita umsögn við skipulagstillögu þegar hún verður kynnt. Sveitarfélagið hvetur til áframhaldandi samráðs, sérstaklega um þverfagleg atriði sem varða tengingu útivistarsvæða, vatnsvernd og áhrif á náttúruleg ferli innan græna trefilsins. Þá leggur Mosfellsbær áherslu á mikilvægi þess að áhættumat verði unnið hliðsjón af mótvægisáðgerðum.

Virðingarfyllt,

f.h. skipulagsnefndar Mosfellsbæjar



Kristinn Pálsson, skipulagsfulltrúi





Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 23. júní 2025
Málsnr. 2505009
ÁÓ

Efni: Umsögn vegna erindis „Heiðmörk - USK24030262, nr. 0690/2025: Lýsing (Nýtt deiliskipulag)“

Á 139. fundi svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins sem fór fram föstudaginn 13. júní 2025 var ofangreint til umræðu og bókað í fundargerð vegna þess:

2505009 - RVK Heiðmörk

Fyrirliggjandi er umsagnarbeiðni frá Reykjavíkurborg úr skipulagsgátt Skipulagsstofnunar dags. 22. maí 2025 varðandi ofangreint. Um er að ræða skipulagslýsingu vegna nýs deiliskipulags Heiðmerkur. Leiðarljós með gerð deiliskipulagsins er að tryggja öryggi og óbreytt gæði grunnvatns til langrar framtíðar og að svæðið nýtist áfram til útivistar í sátt við vatnsvernd. Fyrirliggjandi til samþykktar eru drög að umsögn svæðisskipulagsnefndar.

Niðurstaða:

Fyrirliggjandi drög að umsögn eru samþykkt með 12 atkvæðum og svæðisskipulagsstjóra er falið að senda hana. Kjartan Magnússon og Orri Björnsson sitja hjá við atkvæðagreiðslu.

Hjördís Ýr Johnson, Björg Fenger, Ásgeir Sveinsson, Elís Guðmundsson, Svana Helen Björnsdóttir og Ingvar Arnarson leggja fram eftirfarandi bókun:

„Undirrituð leggja áherslu á góða samvinnu við gerð nýs deiliskipulags Heiðmerkur. Tryggja þarf öryggi vatnsins, en jafnframt leita allra leiða til að skerðing á svæðinu verði hófleg og aðgengi almennings að þessu mikilvæga útivistasvæði haldist sem best. Mikilvægt er að tryggja jafnvægi milli verndar og aðgengis í sátt við alla hagaðila.“

Kjartan Magnússon og Orri Björnsson leggja fram eftirfarandi bókun:

„Mikilvægt er að við mótun nýs deiliskipulags fyrir Heiðmörk verði lögð rík áhersla á vatnsvernd, sem og öruggan og greiðfæran aðgang almennings að þessu mikilvæga og rótgróna útivistarsvæði. Hugmyndir Veitna um umfangsmiklar takmarkanir á umferð um Heiðmerkursvæðið eru of íþyngjandi. Óheppilegt væri að takmarka slíkan aðgang enda eru mörg falleg svæði innarlega í Heiðmörk, sem langt er að sækja fótgangandi. Æskilegt er að veginum í Heiðmörk verði betur við haldið en verið hefur um langt skeið, og skoðað verði að malbika hann að hluta með umhverfissvænu malbiki. Betri vegur gæti dregið úr hættu á umhverfisslysum.“

Ekki liggja fyrir gögn sem sýna fram á að mengunarhætta á vatnsverndarsvæðinu hafi aukist á undanförunum árum. Þvert á móti bendir margt til þess að sú hætta sé fremur á undanhaldi. Þá hafa engin atvik orðið á undanförunum árum sem truflað hafa vatnsvinnslu eða haft neikvæð áhrif á vatnsgæði á svæðinu.

Meðalhófs virðist ekki vera gætt í fyrirliggjandi tillögum og rétt væri að kanna mildari og markvissari leiðir við yfirstandandi deiliskipulagsvinnu, sem tryggja bæði vatnsvernd og áframhaldandi aðgang íbúa höfuðborgarsvæðisins að Heiðmörk.“



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Tilkynnist ofangreint hér með. Umsögn nefndarinnar er meðfylgjandi.

Bent er á að fundargerðir nefndarinnar eru aðgengilegar á heimasíðu SSH.

Virðingarfyllst,
Fyrir hönd svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins

Ásdís Ólafsdóttir
svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins

Meðfylgjandi:

Umsögn svæðisskipulagsnefndar - Heiðmörk deiliskipulagslýsing



Umsögn

Til: Svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins
Frá: Ásdísi Ólafsdóttur, svæðisskipulagsstjóra
Efni: RVK Heiðmörk – nýtt deiliskipulag - skipulagslýsing.
Dags: 13. júní 2025

Svæðisskipulagsnefnd barst bréf frá Reykjavíkurborg úr skipulagsgátt Skipulagsstofnunar dags. 22. maí 2025 varðandi skipulagslýsingu vegna nýs deiliskipulags Heiðmerkur.

Þegar vinna við gerð deiliskipulagstillögu hefst skal sveitarstjórn, samkvæmt 40. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010, taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem fram kemur hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við deiliskipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirbyggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum.

Um skipulagslýsingu deiliskipulagsins

Hér verður farið stuttlega yfir innihald skipulagslýsingarinnar. Fram kemur að tilgangur deiliskipulagsgerðarinnar sé að tryggja verndun hreins neysluvatns til framtíðar og m.t.t. núgildandi skipulaga og samþykkt. Stofnaður hefur verið vinnuhópur sem mun vinna að gerð deiliskipulagstillögunnar. Í hópnum eru fulltrúar frá Reykjavíkurborg, Veitum, Orkuveitu Reykjavíkur, Skógræktarfélagi Reykjavíkur og Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.

Heiðmörk, að Rauðhólum meðtöldum, er um 3200 ha að stærð. Landsvæðið fellur undir tvö önnur sveitarfélög en Reykjavík, þ.e. Garðabæ og Kópavog. Deiliskipulag þetta mun einungis ná yfir landsvæði innan Reykjavíkur. Í Heiðmörk og nágrenni er vatnstökusvæði Höfuðborgarsvæðisins ásamt því sem hún er stærsta útivistarsvæði Reykjavíkur og friðland sem vígt var 1950. Skipulagssvæðið er einnig á græna treflinum.

Leiðarljós með gerð deiliskipulagsins er að tryggja öryggi og óbreytt gæði grunnvatns til langrar framtíðar og að svæðið nýtist áfram til útivistar í sátt við vatnsvernd. Helstu markmið verða útfærð í samræmi við leiðarljósið. Þau eru m.a. að:

- Heiðmörk verði áfram fjölbreytt skógræktarsvæði þar sem gróðurþekja styður við vatnsgæði og viðhald hennar taki mið af vatnsvernd, brunavörnum, sjálfbærni og lýðheilsu.
- Heiðmörk verði áfram útivistarsvæði fyrir alla aldurshópa í sátt við vatnsvernd, með áherslu á vernd vistkerfa og náttúrufarsleg sérkenni.
- Skilgreina svæði eftir nýtingu þeirra, hlutverki og verndun.
- Skilgreina legu Græna stígsins í gegnum Heiðmörk með tilliti til vatns-, náttúruverndar og útivistar.
- Skilgreina og styrkja legu göngu-, hjóla- og reiðstíga um svæðið, með áherslu á tengingar við nærliggjandi byggð og aðliggjandi útivistarsvæði.
- Styrkja tengingu byggðar við Heiðmörk með áherslu á góð tengsl við almenningssamgöngukerfi og sjálfbæra ferðamáta.
- Dregið verði úr umferð ökutækja á grannsvæði vatnsverndar. Lögð verði áhersla á brunavarnir og brunahólfun.
- Skilgreina upphafsstaði útivistar með greinargóðum upplýsingum um svæðið Skilgreina hlutverk mannvirkja innan Heiðmerkur.
- Framtíðarsýn fyrir háspennulínur innan svæðisins verði mótuð með tilliti til vatnsverndar.

Fram kemur að unnið verði sérstakt áhættumat fyrir Heiðmörk sem verður haft til hliðsjónar við gerð deiliskipulagsins.

Umsögn og ábendingar

Hér á undan hefur verið farið yfir áherslur og fyrirkomulag deiliskipulagsferlisins, einnig leiðarljós og markmið með deiliskipulagsvinnunni sem kynnt eru í lýsingunni. Leiðarljós deiliskipulagsins *að tryggja öryggi og óbreytt gæði grunnvatns til langrar framtíðar og að svæðið nýtist áfram til útivistar í sátt við vatnsvernd*, er í samræmi við leiðarljós 4 í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins um heilnæmt umhverfi.

Í svæðisskipulaginu eru sett fram markmið og aðgerðir sem endurspegla leiðarljós 4. Við áframhaldandi vinnu við deiliskipulagið er sérstaklega bent á aðgerð 4.4.10 í svæðisskipulaginu, en þar segir: *Sveitarfélögin og framkvæmdastjórn vatnsverndar meti þörf fyrir ákvæði um staðsetningu bílastæða á Heiðmerkursvæðinu og lokun vega sé þeim ekki viðhaldið þar sem akstur um þá skapi of mikla hættu vegna verndunar vatnsgæða auk annarra takmarkana á umferð.*

Ekki kemur fram í fyrirbyggjandi gögnum umfang og útfærsla einstakra þátta verkefnisins, t.d. hvernig dregið verði úr umferð ökutækja á grannsvæðum vatnsverndar, enda er hér einungis um lýsingu deiliskipulags að ræða. Nánari útfærsla er hluti af áframhaldandi deiliskipulagsvinnu vinnuhópsins. Áætluð auglýsing deiliskipulagstillögu er í byrjun árs 2026 og mun þá gefast kostur á að koma með frekari athugasemdir.

Ekki eru gerðar athugasemdir við fyrirhugað skipulagsferli og áherslur þess skv. fyrirbyggjandi skipulagslýsingu. Svæðisskipulagsnefnd og skrifstofa SSH geta verið vinnuhópnum innan handar við áframhaldandi útfærslu og mótun deiliskipulagsins, ef þörf er á.

Virðingarfyllt f. h. svæðisskipulagsnefndar,



Ásdís Ólafsdóttir
svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins



Reykjavíkurborg
B.t. Þuríður María Guðmundsdóttir
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

6.6.2025

Varðar: Umsögn SHS vegna nýs deiliskipulags fyrir Heiðmörk, nr. 0690/2025: Lýsing (Nýtt deiliskipulag)

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) hefur fengið til umsagnar nýtt deiliskipulag fyrir Heiðmörk.

Umsögn:

SHS fagnar áherslu á brunavarnir.

Aðkoma: Mikilvægt er að tryggja góða og skilvirka aðkomumöguleika SHS að öllum svæðum. Taka þarf tillit til þeirrar starfsemi og útivistar sem tilheyrir svæðinu.

Því til viðbótar er einnig bent á mikilvægi þess að þjónustustígar sem og aðrar uppbyggðar leiðir séu með burðarþol í samræmi við einstaka umferð tækja SHS. Þá er mikilvægt að minni göngu- og hjóltreiddastígar séu nægjanlega breiðir fyrir einstaka umferð fjór- og sexhjól SHS til þess að stuðla að styttri viðbragðstíma vegna elds eða slysa.

Slökkvivatn: Mikilvægt er að tekið tillit til öflunar slökkvivatns og reynt sé að tryggja slökkviliði aðgengi að vatni ef unt er.

Virðingarfyllst,
f.h. Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins
Birgir Þór Guðbrandsson
Sérfræðingur - Hönnunareftirlit

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur Þuríður María Guðmundsdóttir

Reykjavík, 2. júlí 2025

Efni: Umsögn Samorku um skipulagslýsingu vegna nýs deiliskipulags Heiðmerkur, mál í Skipulagsgátt nr. 690/2025

Samorka fagnar þeim áformum sem birtast í skipulagslýsingu vegna deiliskipulags Heiðmerkur um að tryggja verndun hreins neysluvatns til framtíðar. Í Heiðmörk og nágrenni er vatnstökusvæði höfuðborgarsvæðisins og ljóst að hagsmunir allra íbúa höfuðborgarsvæðisins krefjast þess að öryggi og gæði grunnvatns séu tryggð til langrar framtíðar.

Aðgangur höfuðborgarbúa að ómeðhöndluðu neysluvatni er einstakur á heimsvísu og til mikils að vinna að áfram og til langrar framtíðar verði hægt að tryggja höfuðborgarbúum aðgang að ómeðhöndluðu neysluvatni. Áhersla á mikilvægi vatnsveitunnar og aðgengi að heilnæmu vatni birtist til að mynda skýrt í nýsamþykktu stefnu Evrópusambandsins undir heitinu European Water Resilience Strategy. Þar er undirstrikað mikilvægi þess að verja vatnsauðlindir með skýrum skipulagsmarkmiðum og fjárfestingum í innviðum – Samorka telur að skynsamlegt að litið verði til þessara sjónarmiða við breytingar á skipulagsmálum Heiðmerkur.

Í skipulagslýsingunni eru reifuð markmið sem útfærð verða í deiliskipulaginu. Samorka tekur undir þá áherslu sem þar birtist á vatnsvernd og samspil útivistarsvæða og vatnsverndar. Samorka telur jafnframt mikilvægt að haft verði samráð við Landsnet varðandi mótun framtíðarsýnar fyrir háspennulínur innan svæðisins.

Samorka leggur áherslu á að umgengni og skipulag svæðisins verði mótað með það að leiðarljósi að vernda vatnsból og vatnsauðlindir til framtíðar.

Samorka vísar jafnframt til ályktunar aðalfundar samtakanna frá í mars á þessu ári þar sem sérstaklega var ályktað um vatnsvernd og rekstrarumgjörð vatnsveitna með eftirfarandi hætti:

Aðgengi að fersku neysluvatni er ekki sjálfgefið. Stækkun byggðar og fjölgun íbúa veldur því að aukið álag er á vatnsból víða um land. Á sama tíma og þörfin fyrir vatnsból hefur aldrei verið meiri stendur vatnsbólum ógn af loftslagsbreytingum, örri fólksfjölgun, útbreiðslu byggðar og væringum á alþjóðavettvangi. Tryggja þarf tímabæra aðkomu veitufyrirtækja að skipulagsmálum út frá vatnsvernd og til að tryggja fullnægjandi veitukerfi fyrir ný hverfi. Gefa þarf gaum að því að tryggja nægt vatn til vatnsveitna ef hætta er á að nýting þess í atvinnuskyni ógni almannahagsmunum. Horfa verður heildstætt á vatnsnýtingarmöguleika. Þá verður að búa vatnsveitum fjárfestingaumgjörð sem vinnur með uppbyggingu og endurnýjun

vatnsveitna þannig að tryggja megi áfram vatnsgæði í fremstu röð og örugga og trausta meðferð vatnsauðlindarinnar.

Heiðmörk er ómetanlegt svæði bæði með tilliti til vatnsverndar og sem mikilvægt útivistarsvæði fyrir borgarbúa. Skipulagsgerð þarf að taka mið af þessum hagsmunum og vera í senn vönduð, varfærin og framsýn.

Virðingarfyllst, f.h. Samorku



Katrín Helga Hallgrímsdóttir, lögfræðingur

Tilvísun 2024010092

Garðabær

02.07.2025

Nýtt deiliskipulag - lýsing

Umsögn Vegagerðarinnar



Móttakandi:

Sveitarfélag: Reykjavíkurborg
Nafn: Þuríður María Guðmundsdóttir
Netfang: -

Nýtt deiliskipulag, lýsing:

Nafn: Heiðmörk - USK24030262
skipulags:
Hönnuður: Landmótun
Dags. gagna: Maí 2025
Málsnúmer á: 690/2025
skipulagsgátt:

Síða 1/2

Vegagerðin hefur yfirfarið ofangreint efni með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar.

Vegir sem skipulagið hefur áhrif á:

Nafn vegar: Hringvegur

Númer-kaflí:	1-e2
Vegflokkur:	Stofnvegur (S)
Vegtegund:	A34
Breidd veghelgunarsvæðis *	30m
Lágmarksfjarlægð á milli vegamóta:**	Vh<90: 600m-2.000m Vh>90: 3.000m

*mælt til hvorrar handar frá miðlínu vegar.

**sjá Veghönnunarreglur.

Vegagerðin mælir eindregið með virku samráði á vinnslustigi skipulagstillögunnar en fer jafnframt fram á að fá skipulagið til umsagnar á öllum stigum.

Vegagerðin vekur athygli á leiðbeiningunum „Vegir og skipulag“ sem ætlað er að stuðla að skilvirku samráðsferli við skipulagsvinnu þannig að tekið sé nægilegt tillit til samgöngumannvirkja á ábyrgð Vegagerðarinnar. Sjá heimasíðu Vegagerðarinnar.

Vegagerðin bendir á að skv. Vegalögum nr. 80/2007 er veghelgunarsvæði 30 m breitt til hvorrar handar frá miðlínu

Vegagerðin
Suðurhrauni 3
210 Garðabæ
+354 522 1000

SNI-2305-1

stofnvega en 15 m frá miðlínu annara þjóðvega. **Framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis eru háðar leyfi frá Vegagerðinni.** Vegagerðin óskar eftir að veghelgunarsvæði sé sýnt á uppdráttum skv. skipulagsreglugerð 90/2013, 5.3.2.5. grein.

Gatnamót Hringvegar við Heiðmerkurveg eru einföld T-gatnamót. Þessi gatnamót eru komin til ára sinna og umferð um Hringveg hefur margfaldast síðan þau voru opnuð, þau eru því ekki lengur talin viðeigandi eða örugg. Kominn er tími til að breyta þessum gatnamótum til að auka öryggi vegfarenda.

Breikkun Hringvegs (Suðurlandsvegur) á kaflanum frá Rauðavatni og austur fyrir Hafravatnsveg er í undirbúningi. Sem hluti af þeim framkvæmdum munu gatnamót við Heiðmerkurveg breytast og einungis verða leyfðar hægri beygjur inn og út frá Heiðmerkurvegi. Tímarammi og áfangaskipting breikkunar Hringvegs hefur ekki verið ákveðin þar sem að gild Samgönguáætlun liggur ekki fyrir, en náíð samráð þarf að hafa við Vegagerðina við deiliskipulagsgerðina á Heiðmerkursvæðinu með tilliti til áhrifa á aðkomu frá Hringvegi um Heiðmerkurveg.

Síða 2/2

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Cecilía Þórðardóttir
Verkefnastjóri á Höfuðborgarsvæði

Vegagerðin



SKÓGRÆKTARFÉLAG
REYKJAVÍKUR

Reykjavíkurborg

Mál nr. 690/2025

Heiðmörk - USK24030262

Reykjavík, 2. júlí 2025

Athugasemdir við Skipulagslýsingu vegna nýs deiliskipulags Heiðmerkur

Reykjavíkurborg hefur óskað eftir umsögn Skógræktarfélags Reykjavíkur um Skipulagslýsingu vegna nýs deiliskipulags Heiðmerkur. Skógræktarfélag Reykjavíkur tekur þátt í deiliskipulagshópnum og fulltrúar þess munu koma athugasemdum félagsins á framfæri á fundum hans en félagið vill engu að síður koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Verðmæti útivistar fyrir lýðheilsu, náttúruvernd og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Heiðmörk er stærsta og fjölsóttasta útivistarsvæðið á höfuðborgarsvæðinu. Í krónum talið hleypur verðmæti Heiðmerkur sem útivistarsvæðis á tugum milljarða, og stuðlar að Heimsmarkmiði 3 (Heilsa og vellíðan) og 11 (Sjálfbærar borgir og samfélög). Auk þess er Heiðmörk einstök gjöf frá fyrri kynslóðum sem hafa ræktað upp svæðið, mikið til í sjálfböðavinnu, sem tengist markmiðum um sjálfbærni og samfélagslega þátttöku (Heimsmarkmið 17).

Útivistarsvæði á borð við Heiðmörk verða vart metin til fjár þegar kemur að lýðheilsu og náttúruvernd. Því væri rökrétt, og í samræmi við Lýðheilsustefnu Reykjavíkur og lög um náttúruvernd (Lög nr. 60/2013) og lög um Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks að vinna að því að bæta aðgengi að Heiðmörk fyrir alla íbúa höfuðborgarsvæðisins, óháð aldri og færni.

Útivistarsvæði og skógræktarsvæði eru víðast hvar í nágrenni stórborga eitt og hið sama, þar sem skógar gegna mikilvægu hlutverki í að hreins og sía vatn og vernda þar með vatnsauðlindir. Skógræktarfélag Reykjavíkur telur að slíkt samspil geti einnig gengið hér á landi og verið burðarás í sjálfbærri nýtingu Heiðmerkur, í samræmi við Heimsmarkmið 15 (Líf á landi).

Einhliða áhersla á vatnsvernd í skipulagslýsingunni kann að leiða til þess að hagsmunir útivistargesta og annarra notenda Heiðmerkur verði undirskipaðir sjónarmiðum Veitna. Sjá *Leiðarljós* á bls. 3. Öll erum við sammála um að það þurfi að tryggja vatnsöryggi til allrar framtíðar. Það eru hins vegar margar leiðir færar til að gera það. Félagið telur að sá hluti áhættunnar sem tengist útivist sé í raun lítill og að útivist með ábyrgri umgengni þurfi ekki að stangast á við vatnsvernd. (Lög nr. 33/2004). Víðsvegar í heimssamfélaginu er lögð áhersla á að tryggja aðgengi allra, þar á meðal fatlaðs fólks, að náttúru- og útivistarsvæðum (Heimsmarkmið 10 og 11). Samkvæmt lögum um jafnan rétt og aðgengi (Lög nr. 88/2018) og Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks ber að tryggja aðgengi fatlaðs fólks að slíkum svæðum í samræmi við lög um þjónustu við fatlað fólk. Með hugmyndum Veitna að lokunum, þá er hætta á að þessi hópur hafi ekki aðgengi að þeim svæðum.

Leiðarljós við gerð deiliskipulagsins ætti að vera að tryggja að svæðið nýtist áfram til útivistar í sátt við vatnsvernd. Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur áhyggjur að aðgengi almennings að þessari útivistarperlu og að það verði takmarkað verulega á grundvelli vatnsverndarsjónarmiða. Félagið fór því í þá vegferð að fá ÍSOR til að kanna hvort hægt væri að finna nýjar lausnir til að tryggja betur sambúð vatnsverndar og útivistar og gekkst fyrir sérstöku málþingi um Heiðmörk. Veitum var boðið



SKÓGRÆKTARFÉLAG
REYKJAVÍKUR

að senda fulltrúa á málþingið og kynna sín sjónarmið en kaus að gera það ekki. Það sem hér fer á eftir byggir m.a. á skýrslu ÍSOR og þeim sjónarmiðum sem komu fram á málþinginu.

Öruggr vatnsból til framtíðar

Núverandi vatnstökustaðir í Heiðmörk skiptast í neðra og efra svæði. Á neðra svæðinu (Jaðar, Gvendarbrunnar og Myllulækjartjörn) er grunnvatnsstraumurinn tiltölulega nálægt yfirborði og útsettur fyrir yfirborðsmengun, líkt og fram kemur í skýrslu ÍSOR. Á efra brunnsvæði, svo sem við Vatnsendakrikan, er dýpra á grunnvatn og yfirborðsmengun þar er óþekkt. Frá því að byrjað var að sækja neysluvatn í neðra svæðið hefur byggð færst nær og umferð margfaldast um Suðurlandsveg. Áform eru uppi um byggingu iðnaðarhverfis í Hólmsheiði, íbúabyggðar fyrir eldri borgara í Gunnarshólma og svo mætti áfram telja. Á neðra brunnsvæði, þ.e. núverandi vatnstökustöðum, er vatn tekið á litlu dýpi, svo litlu að mengunar frá yfirborðsvatni gætir þar reglulega. Á þessu svæði er vatn geislað til að drepa gerla og tryggja heilnæmi þess en slíkt er ekki í samræmi við markmið samþykktar um verndarsvæði vatnsbóla frá árinu 2015 þar sem talað er um ómeðhöndlað vatn. Vatnsból sem eru grunn eru einnig útsett fyrir mengun, til dæmis vegna öskufalls. Gvendarbrunnar eru auk þess of nálægt mjög mengandi umferðarþunga Suðurlandsvegum. Við teljum mikilvægt að tryggja að vatnsöflin séu í samræmi við Heimsmarkmið 6 (Hreint vatn og hreinlætisaðstaða).

Neysluvatn er einnig hægt að sækja ofar í grunnvatnsstrauminn í Heiðmörk — í auknu mæli í Vatnsendakrika og í Grenkrika ofar í grunnvatnsstraumunum. Að mati ÍSOR bendir allt til þess að sama vatn og í dag er sótt á neðra svæði sé hægt að sækja aðeins ofar í grunnvatnsstraumunum. Að mati sérfræðinga væri æskilegra gagnvart yfirborðsmengun og öryggi að sækja vatn á mun meira dýpi en gert er í vatnsbólunum á neðra svæði. Slíkar aðstæður eru til staðar í Vatnsendakrika og yrði í Grenkrika ef þar yrði virkjuð vatnsból. Á síðasta ári var um 60% neysluvatnsins sótt á neðra svæðið en um 40% á efra svæðið. Ef unnt væri að auka vatnstökuna í Vatnsendakrika mæti breyta þessu hlutfalli verulega í náninni framtíð þótt mögumleikum til vatnstöku væri áfram haldið óbreyttum á neðra svæðinu.

Það er skoðun Skógræktarfélags Reykjavíkur að réttara sé að nýta fjármuni til nútímavæðingar vatnsbólanna í Heiðmörk frekar en í dýrar framkvæmdir í tengslum við vatnstökuna á neðra svæðinu þar sem eftir sem áður mun alltaf þurfa að geisla vatnið. Er þar vísað til áforma um nýjar girðingar, færslu stíga, ný bílastæði, flutning viðarvinnslu og auknar brunavarnir. Mun meira öryggi neysluvatnsins fást með því að hraða virkjun nýrra og öryggari vatnsbóla til framtíðar og með því yrði minni þörf á að takmarka aðgengi fólks að Heiðmörk. Hvetur félagið því Veitur til að rannsaka með fullnægjandi hætti hvort frekari vatnstaka í Vatnsendakrika og síðar ný vatnstaka í Grenkrika og Nátthaga sé betri kostur en núverandi vatnstökustaðir. Núverandi vatnstökustaðir geti verið í fullri notkun en með minna vægi í heildarmagninu þar til nægt vatn til langrar framtíðar hefur verið virkjað á efri svæðum.

Skipulagsvinna sem skapar traust og tryggir hagsmuni almennings

Mjög miklir almannahagsmunir eru undir við framtíðarskipulag Heiðmerkur. Bæði hvað varðar öryggi neysluvatns og aðgengi almennings að Heiðmörk. Því þarf allt ferli málsins að vera eins gagnsætt og mögulegt er. Nauðsynlegar rannsóknir þarf að framkvæma og rannsóknarniðurstöður og aðrar upplýsingar þurfa að vera aðgengilegar almenningi.

Gæta verður meðalhófs í öllum aðgerðum sem kunna að vera íþyngjandi fyrir notendur Heiðmerkur (12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993).



SKÓGRÆKTARFÉLAG
REYKJAVÍKUR

Mikilvægast er þó að skipulagsvinnan byrji ekki á öfugum enda. Fyrsta skref í skipulagsvinnunni ætti að vera að rannsaka hvar best er að staðsetja vatnsból borgarbúa til að tryggja öruggt neysluvatn til framtíðar.

Óljós markmið draga úr frelsi notenda

Í yfirferð yfir helstu markmið segir meðal annars:

Heiðmörk verði áfram fjölbreytt skógræktarsvæði þar sem gróðurþekja styður við vatnsgæði og viðhald hennar taki mið af vatnsvernd, brunavörnum, sjálfbærni og lýðheilsu.

Markmið þetta má skilja þannig að hlutverk gróðurþekju sé einkum að styðja við vatnsgæði. Í hartnær 80 ár hefur fjöldi fólks unnið mikið og óeigingjarnt starf við að rækta upp Heiðmörk með skýrt markmið: Að búa til friðland fyrir borgarbúa. Þetta er verðugt markmið og þarf ekki að réttlæta með tilvísun til vatnsverndar. Í staðinn væri til dæmis hægt að segja að *Heiðmörk verði áfram fjölbreytt skóglendi þar sem unnið er að uppgræðslu, skógrækt og umhirðu skógarins. Lýðheilsa, vatnsvernd, brunavarnir og sjálfbærni verða áfram höfð að leiðarljósi.*

Annað markmið er orðað svo:

Heiðmörk verði áfram útivistarsvæði fyrir alla aldurshópa í sátt við vatnsvernd, með áherslu á vernd vistkerfa og náttúrufarsleg sérkenni.

Þetta orðalag má skilja með þeim hætti að hér sé verið að takmarka útivistarmöguleika við þá sem tengjast vernd vistkerfa og náttúrufarslegum sérkennum.

Ef til vill mætti orða markmiðið svona: *Heiðmörk verði áfram útivistarsvæði fyrir öll, óháð aldri og færni. Útivist sé skipulögð þannig að hún ögni hvorki vatnsvernd né náttúrunni.*

Þriðja markmiðið sem félagið gerir athugasemdir við er:

Dregið verði úr umferð ökutækja á grannsvæði vatnsverndar.

Grannsvæði vatnsverndar eins og það er skilgreint nú, nær yfir næstum alla Heiðmörk. Veitur hafa í opinberri umræðu talað um að banna alla almenna bílaumferð sem myndi loka Heiðmörk fyrir meginþorra gesta. Fyrir allar aðgerðir sem íþyngja almenningi þarf góð rök. Þau rök og upplýsingarnar að baki þarf að gera opinber. Og loks þarf að gæta meðalhófs. Þ.e.a.s. sýna fram á að vægari úrræði svo sem mengunarvarnir, betri vegir eða annað, dugi ekki til.

Áhættumat

Við áhættumat sem til stendur að vinna, er nauðsynlegt að meta þann valkost að færa vatnstökuna upp í Vatnsendakrika, Grenkrika og Nátthaga.

Í nýlegri skýrslu Veðurstofu Íslands um náttúruvá á höfuðborgarsvæðinu er bent á að mikilvægt sé að tengja vatnsból saman og að þau vatnsból sem eru grunn séu útsettari fyrir yfirborðsmengun. Þar segir meðal annars: „Skipulag þarf að taka mið af bæði náttúruvá og vatnsverndarsjónarmiðum í senn.“ Væntanlegar eru einnig frekari skýrslur um náttúruvá á höfuðborgarsvæðinu, meðal annars skýrsla sem væntanleg er haustið 2025 og mun vonandi varpa frekara ljósi á áhættusvæði í Heiðmörk.

Tengsl við aðrar áætlanir og Heimsmarkmið

Félagið leggur til að í hlutanum „Tengsl við aðrar áætlanir“ verði bætt við *Lýðheilsustefna Reykjavíkur til 2030: Heilsuborgin Reykjavík: „Borgin sem ég vil búa í“.*


Heiðmörk og Heimsmarkmiðið. Gerð deiliskipulagsins tengjast nokkrum Heimsmarkmiðum. Þegar eru tiltekin markmið 6 (Hreint vatn og hreinlætisaðstaða) og 15 (Líf á landi). Einnig eiga við Markmið 3 (Heilsa og vellíðan), 19 (Aukinn jöfnuður) og 11 (Sjálfbærar borgir og samfélög).



SKÓGRÆKTARFÉLAG
REYKJAVÍKUR

Lokaniðurstaða og tillögur

Skógræktarfélag Reykjavíkur leggur áherslu á að markmið deiluskipulagsins verði að tryggja jafnan aðgang, sjálfbæra nýtingu og vernd náttúru og vatns, í samræmi við íslensk lög og alþjóðleg Heimsmarkmið. Gagnsæi, meðalhófsregla og þátttaka almennings, þar á meðal fatlaðs fólks, er lykilatriði í þessu verkefni. Það vill svo til að við erum með fullkomið vatn í Vatnsendakrika, og því spyrjum við okkur af hverju við viljum nota geislað vatn en slíkt er ekki í samræmi við markmið samþykktar um verndarsvæði vatnsbóla frá árinu 2015 þar sem talað er um ómeðhöndlað vatn. Ef okkar tillaga er samþykkt þá eru meiri líkur á að hægt sé að byggja Heiðmörk áfram upp sem friðland og útivistarparadís fyrir **alla** Íslendinga.

Virðingarfyllt,
fyrir hönd Skógræktarfélags Reykjavíkur,

Jóhannes Benediktsson
formaður

Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík

Borgartúni 12 - 14

105 Reykjavík

Reykjavík, Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður og Mosfellsbær 31. maí 2025

Efni: Umsögn um skipulagslýsingu fyrir nýtt deiliskipulag Heiðmerkur

Hestamenn fagna verndun Heiðmerkurinnar enda einstök náttúruperla í útjaðri borgarinnar. Það voru hestamenn sem voru frumkvöðlar og komu að stofnun Heiðmerkunnar 1950, þ.e. þeir Hákon Bjarnason skógræktarstjóri og Einar G.E. Sæmundssen framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur og formaður Landsambands hestamannafélaga. Sáu þeir fyrir sér að Heiðmörkin yrði ásamt skógrækt útivistarsvæði höfuðborgarbúa og þá ekki síst hestamanna.


Rétt er að geta þess að Heiðmörk er ræktuð upp af hrossataði en mörg vörubílahlöss voru send í Heiðmörkina til að nýta sem áburð við trjáræktina. Það voru einnig hestamenn sem riðu í Heiðmörkina með fyrstu 5000 trjáplönturnar því enginn var vegurinn, sömuleiðis var allt girðingarefni til að loka svæðinu fyrir ágangi sauðfé reitt á hestum. Tengsl hestamanna við Heiðmörkina eru því mikil, margvísleg og merkileg.

Í Heiðmörkinni liggur nú þegar mikilvæg samgönguæð hestamanna milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Tækifæri eru til þess að gera enn betur í nýtingu Heiðmerkurinnar sem einstakrar útivistarperlu og byggja upp öflugt reiðveganet í Heiðmörkinni með styttri hringleiðum. Slíkt reiðveganet væri hægt að samnýta til iðkunar gönguskíða yfir vetrartímann enda vegirnir þá lítt færir hrossum. Reiðleiðanetið væri akfært og vel til þess fallið að brunahólfa niður skóginn til bættra brunavarna, öryggis og til viðhalds skóginum.


Í skipulaginu mætti gjarnan gera ráð fyrir einum stærri áningarstað Reykjavíkur megin, sambærilegum þeim sem er við Gjarmót Garðabæjar megin í Heiðmörk, þar sem hægt er að spretta af hesti og setja inn í áningahólf og snæða nesti í rólegheitum.

Hestamenn fagna því að í skipulagslýsingunni er gert ráð fyrir uppbyggingu reiðvega á svæðinu og vilja hnykkja á því að tækifærið sé nýtt til að byggja upp öflugt net reiðvega í Heiðmörkinni.

Virðingarfyllt,



F.h. Hestamannafélagsins Fáks,
Hlíf Sturludóttir, formaður




F.h. Hestamannafélagsins Sörla
Atli Már Ingólfsson, formaður



F.h. Hestamannafélagsins Sóta
Sigurbjörn Gunnarsson, formaður


Sigurbjörn



F.h. Hestamannafélagsins Spretts,
Jónína Björk Vilhjálmsdóttir, formaður



F.h. Hestamannafélagsins Harðar
Jón Geir Sigurbjörnsson, formaður



F.h. Landssambands hestamanna
Linda B. Gunnlaugsdóttir, formaður



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavarðasvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið - Skipulagsfulltrúi
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík 24. júní 2025
MÍ202505-0121/ 6.09 / 0645

Efni: Heiðmörk, Reykjavík – skipulagslýsing vegna nýs deiliskipulags Heiðmerkur

Minjastofnun Íslands barst tölvubréf skipulagsgáttarinnar dagsett 22. maí sl. þar sem fram kom að Reykjavíkurborg óskaði eftir umsögn stofnunarinnar um skipulagslýsingu vegna nýs deiliskipulags Heiðmerkur, mál nr. 0690/2025. Hægt var að hlaða niður greinargerð sem unnin var af Reykjavíkurborg og Landmótun dagsett í maí 2025.

Um er að ræða 3200 ha. svæði sem fellur einnig undir sveitarfélög Kópavogs og Garðabæjar en ofangreint deiliskipulag nær aðeins yfir þann hluta sem er innan Reykjavíkurborgar. Í skipulagslýsingunni eru talin upp 11 meginmarkmið, þar á meðal er að skilgreina svæði eftir nýtingu þeirra, skilgreina hlutverk mannvirkja á svæðinu og skilgreina göngu-, hjóla- og reiðstíga um svæðið.

Í skipulagslýsingunni er ekki fjallað um núverandi hús og mannvirki. Í kafla um minjar er bæði fjallað um *fornleifar* og *fornminjar* ásamt því að upplýst er að ný fornleifaskráning verði unnin fyrir skipulagssvæðið sumarið 2025. Til að koma í veg fyrir misskilning varðandi hugtök við vinnu skipulagsins, bendir stofnunin á 3. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar þar sem hugtökin fornminjar, fornleifar og forngripir eru útskýrð. Minjastofnun óskaði eftir að fá mörk skipulagssvæðisins send sem landupplýsingagögn og bærust þau með tölvupósti dagsett 20. júní sl.. Athygli vekur að ósamræmi er milli þeirra gagna og lýsingu af mörkum skipulagsins í greinargerðinni bls. 2.

Í 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 segir:

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis
henny@minjastofnun.is

að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Húsaskráning liggur ekki fyrir á ofangreindu skipulagssvæði. Fornleifaskráning liggur ekki fyrir á ofangreindu skipulagssvæði, en fyrir liggja hins vegar tvær fornleifaskráningar sem að hluta til eru innan þess skipulagssvæðisins sem hér er til umsagnar. Það eru; *Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsveggar frá Bæjarhálsi austur að Hólmsá*, frá árinu 2020, skýrsla nr. 207 og *Rauðhólar fornleifaskrá*, frá 2021, skýrsla nr. 217, báðar þessar skráningar voru unnar af Borgarsögusafni Reykjavíkur.

Þess má einnig geta að verið er að vinna fornleifa- og húsaskráningu fyrir Elliðavatnsbletti sem einnig er innan skipulagssvæðisins, en þeim skráningum er ekki lokið og hefur ekki verið skilað til Minjastofnunar Íslands sbr. 15. gr. laga nr. 80/2012.

Minjastofnun Íslands fer fram á að unnin verði fornleifa- og húsaskráning fyrir þann hluta skipulagssvæðisins sem enn er óskráð, sbr. 16 gr. laga nr. 80/2012. Sýnilegar fornleifar skulu mældar upp og útlínur þeirra færðar inn á skipulagsuppdrátt þannig að fram komi með skýrum hætti umfang og afstaða þeirra, ásamt friðhelgunarsvæði þeirra. Friðhelgunarsvæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru 100 metrar út frá ystu sýnilegu mörkum en 15 metrar umhverfis friðaðar fornleifar nema annað sé ákveðið. Sýna skal staðsetningu húsa og mannvirkja sem falla undir lög um menningarminjar á deiliskipulagsuppdraetti og gera grein fyrir verndarstöðu þeirra.

Þegar skipulagstillagan liggur fyrir skal hún send stofnuninni til umsagnar.

Virðingarfyllst,



Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágrennis

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kæranlegar til æðra stjórnvalds.

Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Reykjavíkurborg
Borgartún 12–14

105 Reykjavík

1.júlí 2025

2025-05-043/0.11.2

Efni: Umsögn Landsnets um skipulagslýsingu vegna nýs deiliskipulags fyrir Heiðmörk

Skipulagslýsing vegna nýs deiliskipulags fyrir Heiðmörk er til auglýsingar í Skipulagsgáttinni, mál nr. 0690/2025. Umsagnafrestur er til 2.júlí 2025.

Landsnet hefur farið yfir kynnt gögn en fyrirtækinu barst ekki beiðni um að veita umsögn. Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Í umsögn Landsnets er fyrst og fremst tekin afstaða til málefna sem snúa að því.

Landsnet vekur athygli á að innan skipulagssvæðisins liggja *Hamraneslínur 1* og 2 sem eru 220 kV loftlínur á vegum fyrirtækisins. Línurnar eru mikilvægur hluti meginflutningskerfisins á Suðvesturlandi. Í Kerfisáætlun 2023-2032 er gert ráð fyrir að línurnar verði óbreyttar á þessu svæði. Þar er í kafla 3.4.6 fjallað um hlutaendurnýjun Hamraneslína, sem fólst í að línan var á 4 km kafla lögd í jörðu innan Hafnarfjarðar, til að rýma fyrir skipulagðri byggðapróun þar.¹ Eins og þar kemur fram þá tengist tilurð verkefnisins áður samþykktu verkefni á framkvæmdaáætlun, Lyklafellslínu 1 og nýju tengivirki í Lyklafelli, sem hefur verið frestað ótímabundið. Þá kemur einnig fram þar að ástæða þess er að eftir að jarðvirkni Reykjanesi jókst umtalsvert á vordögum 2020 kom upp óvissa með öryggi innviða á skaganum og legu þeirra gagnvart virkum eldstöðvum. Í ljósi þessa er það mat Landsnets að best sé að bíða uns betri mynd fæst á þessa þætti og auk þess eru niðurstöður ástandsmats burðarvirkja í Hamraneslínunum með þeim hætti að raunhæft er að reka þau áfram, í allt að þrjá áratugi. Nánari rökstuðning fyrir því að ekki er stefnt að frekari breytingum á Hamraneslínunum til næstu áratuga er að finna í framangreindum kafla að kerfisáætlun.

Í kynntri skipulagslýsingu kemur fram að leiðarljós deiliskipulagsins sé að tryggja öryggi og óbreytt gæði grunnvatns til langrar framtíðar og að svæðið nýtist áfram til útivistar í sátt við vatnsvernd. Markmið skipulagsins eru margþætt og er ætlað að tryggja samræmingu landnotkunar innan svæðisins til að forðast hagsmunaárekstra milli núverandi og framtíðar landnotkunar á svæðinu. Þau lúta að nýtingu svæðisins sem útivistarsvæðis auk vatnsverndar. Jafnframt er eitt markmiðanna að móta framtíðarsýn fyrir háspennulínur innan svæðisins með tilliti til vatnsverndar.

Í lýsingunni kemur fram að stofnaður hafi verið vinnuhópur sem fari fyrir deiliskipulagsvinnunni. Í hópnum eru fulltrúar frá Reykjavíkurborg, Veitum, Orkuveitu Reykjavíkur, Skógræktarfélagi Reykjavíkur og Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.

Landsnet telur eðlilegt að í vinnuhópnum verði einnig fulltrúi fyrirtækisins, sem komi þannig að mótun framtíðarsýnar sem varðar háspennulínur innan svæðisins og samspil þeirra við aðra landnotkun. Eins og

¹ <https://www.landsnet.is/library?itemid=6522b0cc-2cd9-413f-9d98-4f542a176db8>

áður segir er um að ræða mjög mikilvægan hluta flutningskerfisins á Suðvesturlandi, ýmsar áskoranir eru um möguleika um breytingar á kerfinu á þessu svæði, m.t.t. vatnsverndar, þróun byggðar og náttúruvár en einnig tæknilegra takmarkana er varða útfærslur á raforkukerfinu í nágrenni höfuðborgarsvæðisins.

Leiðarljós deiliskipulagsins er að tryggja öryggi og óbreytt gæði grunnvatns til langrar framtíðar. Í tengslum við vinnu á umhverfismati Lyklafellslínu 1 (sem var svo hætt við) lét Landsnet vinna rannsókn á mosa- og jarðvegssýnum við háspennumöstur, m.a. Hamraneslínur, þar sem hækkuð gildi mældust m.a. innan brunnsvæðis. Í mars s.l. fór Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur fram á að unnar verði frekari rannsóknir á umfangi zinks við þrjú möstur þar sem þau fari yfir viðmiðunargildi reglugerðar er varðar mengaðan jarðveg, en tekið fram að gildi fyrir zink í neysluvatninu séu lág, langt undir viðmiðum WHO.

Landsnet hefur fengið COWI til að vinna þessa frekari rannsókn. Stefnt er að því að kynna sýnatökuáætlun fyrir Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur og Veitum nú í júlíbyrjun og sýnataka fari fram í ágúst. Skil á niðurstöðum til Landsnets er áætluð í lok september. Landsnet væntir þess að niðurstöður úr rannsókninni nýtist í kjölfarið til upplýstrar ákvarðanatöku um þróun skipulagstillögu fyrir Heiðmörkina.

Landsnet vekur athygli á að í skipulagi þarf að gera grein fyrir staðsetningu og umfangi háspennulína, afmörkun helgunarsvæða og þeim takmörkunum sem gilda um þau. Setja þarf ákvæði um umgengni og framkvæmdir á og við svæðin til að tryggja örugga afhendingu rafmagns, sem og persónuöryggi, þ.e. öryggi þeirra sem vinna og/eða ferðast innan helgunarsvæðis. Einnig er mikilvægt að sett verði ákvæði um að samráð skuli haft við Landsnet vegna framkvæmda nærri línunum.

Landsnet bendir á að samkvæmt reglugerð um raforkuvirki nr. 678/2008 skal af öryggisástæðum skilgreina lágmarksfjarlægðir raflína til annarra mannvirkja, svokallað helgunarsvæði.

Helgunarsvæði loftlína er breytilegt og er ákvarðað í hverju tilviki eftir gerð mannvirkisins í samræmi við íslenska staðla. Breidd helgunarsvæðisins fer m.a. eftir spennu, hæð mastra og bili milli mastra. Dæmigerð breidd helgunarsvæðis 220 kV loftlínu er 65 - 85 m, þ.e. 32,5 – 42,5 m til hvorrar handar frá línunni. Innan helgunarsvæðis loftlína gildir byggingarbann þ.e. á því svæði er óheimilt að reisa mannvirki og skógrækt er takmörkunum háð, en ýmis önnur landnotkun er leyfð. Frekari upplýsingar um skipulag og framkvæmdir við háspennulínur er að finna í leiðbeiningabæklingnum *Háspennulínur – aðgát skal höfð*² sem er að finna á heimasíðu Landsnets. Þar eru meðal annars nánari upplýsingar um trjárækt nærri línunum og að gæta þarf að hæð trjáa. Einnig eru upplýsingar um skipulag afþreyingar í nágrenni háspennulína.

Í markmiðum skipulagsins er gert ráð fyrir stefnumótun útivistar í sátt við vatnsvernd. Landsnet leggur áherslu á að við ákvarðanir um uppbyggingu fyrir útivist á svæðinu verði einnig tekið fullt tillit til ofangreindra háspennulína. Slík uppbygging getur átt góða samleið með flutningskerfinu en gæta þarf að ýmsum öryggisatriðum nærri háspennulínunum. Sem dæmi má nefna að ekki er æskilegt að skipuleggja áningarstaði innan helgunarsvæðis háspennulína. Mikilvægt er að hafa í huga við leiðarval útivistarstíga að hæð undir línunum getur verið breytileg eftir veðuraðstæðum, ísingu og snjóalögum.

Samráðs- og umsagnaraðilar eru tilgreindir í kynntri skipulagslýsingu en Landsnet er ekki þar á meðal. Landsnet óskar þess að vera skilgreint sem umsagnaraðili vegna skipulagsgerðarinnar.

Virðingarfyllt

Rut Kristinsdóttir
Sérfræðingur umhverfismála

² <https://landsnet.demo01.lisa.is/library?itemid=3621e393-da27-4fe6-904e-76d3373f4932>

Rut Kristinsdóttir



Undirritað af:
Rut Kristinsdóttir
1209675689
Dags: 01.07.2025
Tími: 08:48:55
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: bf462726-ea7e-
4485-aac4-9be8ee15f2a9

Reykjavíkurborg, umhverfis og skipulagssvið
Þuríður María Guðmundsdóttir

Reykjavík, 10. júní 2025
Tilvísun: 202505070 / 6.1

Efni: Lýsing fyrir tillögu að deiliskipulagi Heiðmerkur, Reykjavíkurborg, umhverfis og skipulagssvið

Reykjavíkurborg hefur, með erindi dags. 22. maí 2025, sent Skipulagsstofnun lýsingu til umsagnar skv. 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Lýsingin var samþykkt til kynningar í skipulagsnefnd þann 14. Maí 2025 og varðar gerð tillögu að deiliskipulagi Heiðmerkur.

Samkvæmt lýsingunni, dags. maí 2025, er gert ráð fyrir að vinna deiliskipulag fyrir 3200 ha svæði Heiðmerkur innan marka Reykjavíkurborgar. Leiðarljós með gerð deiliskipulags fyrir Heiðmörk er að tryggja öryggi og óbreytt gæði grunnvatns til langrar framtíðar og að svæðið nýtist áfram til útivistar í sátt við vatnsvernd. Að öðru leyti eru markmið deiliskipulagsins margþætt og eiga að tryggja samræmingu landnotkunar innan svæðisins.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og telur að lýsingin geri ágætlega grein fyrir skipulagsáformum og hvernig staðið verður að gerð og umhverfismati tillögunnar en bendir á eftirfarandi fyrir mótun tillögunnar:

Áhættumat

Fram kemur að sérstakt áhættumat verði unnið sem haft verði til hliðsjónar við gerð deiliskipulagsins sem unnið verði að verkfræðistofnunni Vatnaskil. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að við gerð áhættumatsins verði tekið einnig fjallað um áhættu af gróðureldum auk mótvægisáðgerða vegna þeirra.

Samráð

Skipulagssvæðið er víðfermt og innan þess og við það eru fjölmargir hagsmunaaðilar. Skipulagsstofnun leggur því áherslu á mikilvægi þess að í gegnum allt skipulagsferlið verði haft gott og viðtækt samráð.

Stafrænt deiliskipulag

Minnt er á frá og með **1. júní 2025** mun Skipulagsstofnun fara fram á að nýtt deiliskipulag sem berst stofnuninni skv. 42. gr. skipulagslaga, berist á stafrænu formi auk þess sem því verði skilað á pappír líkt og verið hefur. Í framhaldinu eiga allar breytingar, verulegar og óverulegar, sem gerðar verða á deiliskipulagi sem til er á stafrænu formi, að berast stofnuninni á stafrænu formi. [Gagnalýsing](#) og [leiðbeiningar](#) hafa verið gefnar út til að upplýsa notendur um innihald gagnanna og til að aðstoða bæði skipulagsfulltrúa og ráðgjafa við gerð stafræns deiliskipulags. Á vef [Skipulagsstofnunar](#) er auk þessa að finna sniðmát fyrir gerð stafræns deiliskipulags.

Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir



Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir

Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir
Sérfræðingur, svið skipulags

Undirritað með OneSign

Baldur Freyr Gústafsson

Umsögn birt 12.06.2025

Hér er verið að fara offari í skipulagsmálum með lágmarks gagnsæi fyrir borgarbúa. Lítil sem engin rök hafa verið færð fyrir þessum áætlunum og öllu sópað undir hatt vatnsverndar. Því hver getur jú mælt gegn vatnsvernd. Ég er einn af þeim sem nýtur heidmerkur vikulega eða oft og get fullyrt að ekkert annað svæði á höfuðborgarsvæðinu kemst nálægt því í náttúrufegurð og rósemd. Það er bara ekki boðlegt að færa bílastæðin svona langt í burtu eins plön gera ráð fyrir. Svo ekki sé minnst á Gaza-lega háa girðingu kringum svæðið með tilheyrandi kostnaði. Ég hvet alla sem unna íslenskri náttúru að leggja hendur á plóg og mótmæla harðlega þessum áætlunum veitna. Þetta er einfaldlega skerðing á lífsgæðum okkar borgarbúa.

17

Bragi Baldursson

Umsögn birt 29.05.2025

Eg nota gönguleiðir í Heiðmörk vikulega. Þessar lokanir og takmarkanir eru verulega íþyngjandi og takmarka aðgengi mitt að leiðum sem ég nota oft í hádegishléum. Að komast inná aðalsvæðið tæki alltof langan tíma. Endurskoða þarf áhættumat og finna aðrar leiðir sem loka ekki aðgengi almennings að þessari útivistarperlu

2

Bragi Finnbogason

Umsögn birt 1.07.2025

Deiliskipulag fyrir Heiðmörk

Athugasemdir/ábendingar

Félagið Akóges í Reykjavík er eitt af félögunum sem fékk úthlutað reit til gróðursetningar í Heiðmörk 1950. Akóges félagar eru stoltir af svæðinu sínu í Heiðmörk og vilja fá að annast, að nokkru leiti umhirðu og snirtingu gróðurs, í samráði við Skógræktarfélag Reykjavíkur. Almennur áhugi fólks fyrir útivist ýmisskonar er sívaxandi. Eftir því sem skógurinn vex og dafnar aukast möguleikarnir á allskonar útivist og afþreyingu. Aukinn áhugi á útivist og vaxandi nýtingarmöguleikar Heiðmerkur kalla á bætt aðgengi. Vegi með bundnu slitlagi, fleiri lundi/svæði til samveru með ýmisskonar afþreyingu.

Á næstu árum má búast við að áhugi á útivist í Heiðmörk margfaldist.

Þess vegna er eina raunhæfa leiðin til að forðast mengun í vatnsbólin að færa vatnstökustaðina á þau svæði ofar í Heiðmörkinni sem bent hefur verið á.

Það er einlæg von okkar Akóges félaga að farsæl lausn finnist. Tryggt verði hreint og tært vatn án þess að skerða aðgengi.

Reykjavík 1 júlí 2025

Bragi Finnbogason

Formaður Heiðmerkurnefndar Akóges

Reykjavík 13. júní 2025

Til þess er málið varðar.

Ég þakka fyrir að fá tækifæri til að veita umsögn um skipulagslýsingu fyrir Heiðmörk í skipulagsgátt. Ég nýti Heiðmörkina til útivistar allan ársins hring og tel mikilvægt að gætt sé að því að aðgengi almennings að þessu frábæra útivistarsvæði verði ekki skert meira en alger nauðsyn krefur.

Í grunninn er ég sammála stórum hluta af leiðarljósum og markmiðum sem kynnt eru í skipulagslýsingunni. Þar kemur fram að tryggja eigi öryggi og gæði grunnvatns en það verði gert þannig að svæðið nýtist áfram til útivistar í sátt við vatnsvernd.

Ég geri þó athugasemdir við orðalag í sumum þeirra punkta sem tíundaðir eru í kjölfarið á inngangi þess kafla. Þar tel ég orðalag vísvitandi notað til að villa um fyrir fólki sem les skipulagslýsinguna og draga úr skilningi á því hvað stendur til að gera. Það er alvarlegt mál þegar opinberir aðilar birta skjöl með texta af þessu tagi.

Bílaumferð takmörkuð

Þannig hefur komið fram í fjölmiðlum að markmiðið sé að loka fyrir bílaumferð um stóran hluta Heiðmerkur. Í skipulagslýsingunni er notað mjög svo ómarkvisst orðalag þar sem einungis er sagt að „[d]regið verði úr umferð ökutækja á grannsvæði vatnsverndar.“ Í skipulagslýsingunni er ekki sýnt með neinum hætti sem leikmanni gæti verið ljós hvar þetta grannsvæði er, eða með hvaða hætti eigi að draga úr umferð.

Ef hugmyndir um að draga úr umferð eru komnar á það stig að til standi að banna allan akstur almennings um vegi sem nýttir eru í dag verður að líta svo á að þetta orðalag sé ónákvæmt. Slík ónákvæmni sem virðist til þess gerð að villa lesendum sín er í besta falli vítavert gáleysi og í versta falli meðvituð tilraun til að blekkja almenning.

Ég er alfarið andsnúinn áformum um að banna umferð ökutækja almennings með öllu í Heiðmörk og tel að grípa verði til annarra aðgerða til að tryggja vernd vatnsbóla á svæðinu.

Bílastæði færð

Í skipulagslýsingunni er tilgreint að markmiðið sé að „[s]kilgreina upphafsstaði útivistar með greinargóðum upplýsingum um svæðið.“ Þessi setning er í raun merkingarlaust orðagjálfur sem er óskiljanlegt að endi í skjali af þessu tagi. Hvað er átt við með þessari setningu? Skilgreina upphafsstaði útivistar? Hvernig eru upphafsstaðir útivistar skilgreindir?

Af umfjöllun í fréttum verður ekki betur séð en að það sé verið að tala um staðsetningu bílastæða, sem virðist eiga að útbúa í jaðri Heiðmerkur en loka samhliða stæðum við Helluvatn, Borgarstjóraplan og víðar. Ef áformin ganga út á að breyta staðsetningu bílastæða og setja upp kort með gönguleiðum, hvers vegna er það ekki sagt berum orðum í skipulagslýsingunni? Ég geri alvarlegar athugasemdir við þennan feluleik og blekkjandi orðalag í skipulagslýsingu.

Ég er algerlega mótfallinn því að bílastæðum sem notuð eru af almenningi til að njóta útivistar í Heiðmörk verði lokað og tel það óásættanlegt með öllu. Grípa verður til annarra aðgerða til að tryggja vernd vatnsbóla á svæðinu.

Verra aðgengi

Í niðurlagi kafla um leiðarljós og markmið segir: „Með þessu móti verður Heiðmörk aðgengilegri og öruggari fyrir alla notendur, sérstaklega börn og eldra fólk, á meðan við tryggjum viðhaldið á öryggi neysluvatnsins.“ Þetta eru í besta falli ónákvæmt eða öfugmæli og í versta falli beinlínis rangt. Hvort sem á við er gríðarlega alvarlegt í skipulagslýsingu af þessu tagi.

Ef til stendur að loka bílastæðum í Heiðmörk, loka fyrir akstur að stórum hluta og bjóða einungis upp á bílastæði í útjaðri svæðisins er augljóst öllum sem þangað hafa komið að Heiðmörk verður óaðgengilegri fyrir notendur. Það á sérstaklega við um börn og eldra fólk. Það ætti að vera yfir allan vafa hafið að börn, eldra fólk og fólk með fötlun mun eiga mun minni möguleika á að njóta Heiðmerkur ef þessi áform verða að veruleika.

Ég er algerlega mótgallinn áformum um að draga úr aðgengi almennings, sér í lagi barna, eldra fólks og fólk með fatlanir, að útivistarsvæðum í Heiðmörk. Grípa verður til annarra aðgerða til að tryggja vernd vatnsbóla á svæðinu.

Girðingar í kringum vatnsverndarsvæði

Ekki er fjallað um fyrirhugaðar breytingar á girðingum í kringum vatnsverndarsvæði í Heiðmörk í þessari skipulagslýsingu. Það kemur á óvart, þar sem það virðist tengjast beint vatnsvernd á svæðinu. Ég geri athugasemdir við að skipulagslýsingin sýni einungis hluta af þeim breytingum sem til stendur að gera í Heiðmörk. Með því að sleppa því alfarið að minnast á að til standi að stækka verulega svæðið sem verður girt af og lokað fyrir umferð fótgangandi og hjólandi er verið að slá ryki í augu almennings.

Ef þannig er litið á að breytingar á girðingum séu ekki hluti af skipulagslýsingunni væri engu að síður heiðarlegt að minnast á þau áform svo hægt sé að setja lýsinguna í samhengi við þær breytingar sem mögulegt er að verði gerðar.

Ég geri alvarlegar athugasemdir við áform um að loka fyrir aðgengi fótgangandi og hjólandi með stækkun á því svæði sem girt er af vegna vatnsverndar og mótmæli þeim áformum harðlega. Það er óskiljanlegt í mínum huga að umferð fótgangandi eða hjólandi geti á einhvern hátt haft í för með sér áhættu tengt vatnsvernd. Veitur hafa ekki rökstutt með nokkrum hætti þörf á að loka aðgengi með þessum hætti.

Heimsmarkmiðin

Í skipulagslýsingunni eru talin upp tvö af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem tengjast lýsingunni.

- 6. Hreint vatn og hreinlætisaðstaða
- 15. Líf á landi

Ég tel mikilvægt að þar bætist við heimsmarkmið þrjú, heilsa og vellíðan, sem gengur út á að stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar. Heiðmörkin er mikilvægt útivistarsvæði þar sem almenningur getur notið náttúrunnar. Útivist í náttúru Íslands hefur góð

áhrif á bæði líkamlega og andlega heilsu almennings. Ég geri athugasemd við að þetta heimsmarkmið sé ekki í skipulagslýsingunni og legg til að því verði bætt þar inn.

Samantekt

Það er að mínu mati mikilvægt að tryggja aðgengi höfuðborgarbúa að hreinu vatni um ókomna tíð. En ég tel að með áformum um að skerða aðgengi að Heiðmörk með því að takmarka umferð, loka bílastæðum og girða af stærra svæði vegna vatnsverndar sé verið að ganga of langt í að takmarka nýtingu almennings á þessu verðmæta útivistarsvæði. Gæta verður meðalhófs, skilgreina meintan vanda við núverandi ástand og grípa til vægustu mögulegu aðgerða til að bregðast við þeim vanda. Það þarf að gera með opnu samtali við almenning og í sátt við þá sem nota svæðið til útivistar.

Í skipulagslýsingunni er engin tilraun gerð til þess að skýra fyrir almenningi við hvaða vanda sé verið að bregðast með þeim takmörkunum sem til stendur að gera. Ítrekað er notað ónákvæmt eða villandi orðalag, að því er virðist með því markmiði að fela áform um skerðingu á aðgengi fyrir almenningi. Ekki verður hjá því komist að gera alvarlegar athugasemdir við þau vinnubrögð.

Virðingarfyllst,

Brjánn Jónasson



Doreen Ebelt

Umsögn birt 12.06.2025

I wish to express my concern regarding the direction of the new zoning plan being developed for Heiðmörk, as reportedly planned by Veitur.

While I fully recognize the importance of safeguarding drinking water, the current discussions suggest measures that appear disproportionate and unsupported by concrete evidence. To date, there are no published data indicating that private users or their vehicles have caused contamination of the groundwater in the area. Yet the plans seem to move toward removing parking lots several kilometers away from current high-use access points, recreational trails, grill and family areas as well as natural gathering places.

The ideas being discussed are not yet official or approved, but if the direction being discussed is carried forward into the final plan, I would like to express strong concern and ask that these proposals be reconsidered carefully and transparently. Heiðmörk is not only an ecological area, it is a cultural and social asset, created 75 years ago by the people of Reykjavík for public use and enjoyment. Volunteers planted the trees, shaped the paths and built a space that is now an irreplaceable part of (hectic) life in the capital.

Families, who picnic, explore and reconnect with nature there (given the increasing mental health issues among all age groups, but especially kids, a very important point);

Dog owners, for whom this is one of the few open spaces near the city;

Elderly citizens and people with limited mobility, who need proximity parking and accessible trails;

And immigrants and foreign residents, for whom the forest is a precious reminder of wooded landscapes from home.

Restricting access to this vital space - under the pretext of "protection" without compelling data - risks excluding large parts of the public, undermining the mental, physical and emotional well-being that Heiðmörk supports so uniquely.

I respectfully urge Veitur, the city and planning authorities to:

Clearly publish the evidence and rationale behind any planned restrictions;

Consider softer, less exclusionary alternatives;

Ensure that reasonable access and nearby parking remain available;

And above all, act in the spirit of the original purpose of Heiðmörk: A living forest created by and for the people of Reykjavík.

16

Friðrik Þór Guðmundsson

Umsögn birt **30.05.2025**

Ég mómæli því eindregið að í þessum plönum sé ætlunin að loka fyrir bílaumferð frá Rauðhólum að telja (og setja þar upp bílastæði). Fullfrískt fólk getur sjálfsagt tekið á sig lengri göngur að t.d. Elliðavatni og að Elliðavatnsbænum, nú eða að skógi að týna sveppi o.s.frv., en það á ekki við stóran hluta fólks, hreyfiskerta, aldraða, börn. Ég tek undir gagnrýni um að svæðið sem þarna á að loka fyrir bílum sé óþarflega stórt. Ég fæ alls ekki séð neina verndun á vatnsbólum að stoppa bílaumferð á þeim punkti. Ég tel afar áríðandi að fólk geti keyrt spöl áfram og að Elliðavatninu/Helluvatni við útigrillssvæðið rétt hjá Helluvaðs-brúnni og helst að Elliðavatns-bænum, þar sem rekinn hefur verið jólamarkaður.

Þessi plön að óbreyttu eru aðför að alþýðu manna að því leytinu til. Ég fer í Heiðmörkina mjög oft að sumri til, mest til að veiða í góðri náttúru, eins og fjölmargir aðrir. Elliðavatnið er minn höfuðkostur til þess, enda alþýðumaður sem ekki hefur efni á rándýrum veiðiám, þess utan er í gangi ágætt samspil fólks, skokkandi, á hestbaki, grillandi, hjólandi o.s.frv. Ég fæ ekki séð hvernig í ósköpunum þetta samspil geti spillt vatnsbólum, þótt sumir verði að komast þangað ögn lengra á bíl en aðrir. Hygg að þetta gildi um afar marga. Mér þætti verulegur fengur í því að skýrt komi fram á hvern hátt bílaumferð á því svæði sem ég nefndi er ögn við vatnsból. Vegaryk? Útblástur frá vélum? Rusl frá fólki?

Ég tel brýnt að breyta þessum plönum í þágu hreyfiskertra, aldraða, barna - og alþýðunnar almennt.

Friðrik Þór Guðmundsson, eftirlauna- og lífeyrispegi.

Guðbjartur Stefánsson

Umsögn birt **2.06.2025**

Boð og bönn, byggð á almennum rökum sem mætti í raun beita á allt sem okkur dettur í hug að banna eða hefta, eru ekki í þágu borgarbúa eða annarra.

Það hafa verið lagðar fram fjölmargar tillögur og leiðir til að draga úr og tryggja öryggi umferðar á þessu svæði – án þess að skerða aðgengi allra landsmanna að þessari einstöku náttúruverlu.

Það þarf að undirstrika að fulltrúar Veitna hafa ekki yfirráð eða fullveldi í þessu máli og eiga að virða og hlusta á skýran vilja sveitarfélaga á svæðinu, sem hefur komið fram með afgerandi hætti.

Það er einfaldlega slæm sölumennska að halda því fram að verið sé að vinna að lausnum sem takmarka ekki aðgengi, þegar öll gögn sýna að það er einmitt það sem er verið að skipuleggja.

Höldum aðgegni að svæðinu óbreyttu og bætum vegina og lokuð svæðinu t.d. yfir hánóttina og hluta af vetrinum.

Förum að leyfa hlaupakeppnir on annað aftur sem veitir okkur þá ómældu gleði sem svæðið býður upp á.

Landssamtök hjólréiðamanna

Haukur Eggertsson

Umsögn birt 1.07.2025

Umsögn Landssamtaka hjólréiðamanna

Landssamtök hjólréiðamanna (LHM) lýsa ánægju sinni með þau sjónarmið og áherslur sem koma fram í skipulagslýsingu vegna nýs deiliskipulags Heiðmerkur, frá maí 2025.

Fjöldmargir hjólréiðamenn nýta svæðið, fyrst og fremst til útivistar, og koma flestir hjólandi inn á það, eða leggja bifreiðum í jaðri svæðisins, en yfirferð hjólréiðamanna getur verið nokkuð mikil í ljósi skilvirkni hjólsins sem farartækis.

LHM er kunnugt um hugmyndir Orkuveitu Reykjavíkur til að tryggja vatnsvernd og telja þær, í núverandi mynd, ganga full langt gagnvart útivist á svæðinu.

LHM sýna því sjónarmiði vissulega skilning að draga úr óþarfi bílaumferð og gegnumakstri, en að leitast sé við að möguleiki útivistahópa til hreyfingar og náttúruupplifunar skerðist sem minnst. Þá vilja LHM að hefðbundnar leiðir hjólréiðamanna verð ekki skertar, nema algjör nauðsyn krefji, og að nýjar og ekki síður áhugaverðar leiðir komi þá í staðinn.

Það er því mat LHM að skipulagslýsingin styðji við og styrki þau sjónarmið sem LHM hafa varðandi nýtingu Heiðmerkur til útivistar.

Fyrir hönd Landssamtaka hjólréiðamanna,

Haukur Eggertsson

Vatnsverndin í Heiðmörk, skógrækt og Vestmannaeyjar

Ég er félagi í AKÓGES sem er einn af fyrstu landnemum í skógrækt í Heiðmörk. Félagið AKÓGES er upphaflega stofnað í Vestmannaeyjum árið 1926 í Reykjavík var það stofnað af fráfluttum Eyjamönnum árið 1942.

Móðurætt mín er öll frá Eyjum, en foreldrar mínir fluttu á millistríðsárunum suður og var æskuheimili mitt einskonar félagsheimili fyrir Eyjamenn þegar þurfti að ræða málin eða gista.

Faðir minn var félagsmaður í AKÓGES og mikill áhugamaður um náttúrufræði og það var áhugi hans sem leiddi til þess að AKÓGES varð einn af fyrstu landnemum í skógrækt í Heiðmörk árið 1950.

Nú eru Veitur að leggja til að Heiðmörkin verði lokuð fyrir bílaumferð vegna vatnsvendar. AKÓGES reiturinn er ofarlega í Heiðmörkinni, gegnt Furulundinum sem er mjög vinsælt útivistarsvæði fjölskyldna en þar eru leiktæki, grillaðstaða og annað sem dregur fólk í skóginn þar. Þessi svæði eru mjög langt frá fyrirhuguðum bílastæðum Veitna.

Ég vil draga fram þekkingu sem ég hef frá því þegar ég guttinn var að setja niður tré og annast þau með félögum úr AKÓGES og fjölskyldum þeirra.

Eins og við vitum hafði vandamálið með vatn í Vestmannaeyjum fyrr á tímum verið ansi erfitt. Var neysluvatnið tekið ofan af þaki húsanna og geymt í brunnum, oftast undir tröppum húsanna. Þannig var reynt að komast af með vatnsbúskapinn.

Árið 1964 var ég í gróðursetningarferð í Heiðmörk með AKÓGES og þar voru með í för Einar Sigurðson útgerðarmaður úr Vestmannaeyjum, Ísleifur Jónsson starfsmaður UNESCO við rannsóknir og kennslu í bortækni til að geta nálgast heitt og kalt vatn eftir því sem við átti fyrir ýmis lönd, Sveinn G. Scheving hjá Jarðborunum og Þórhallur Jónsson verkfræðingur og þá nýráðinn til að hanna vatnsveituna til Vestmannaeyja.

Umræðan sem ég heyrði og man sérstaklega eftir í þessari ferð, var þegar Einar útgerðarmaður (Einar ríki) sagði „Eruð þið að nota yfirborðsvatn hér neðan úr Heiðmörkinni þegar hér fyrir ofan ykkur eru stórar vatnslindir neðanjarðar sem þið getið borað ofan í og sótt vatn“ Framhald þessarar orðræðu var ansi forvitnileg og þeir sérfræðingar sem voru þarna saman komnir voru sammála um það að þetta væri ekkert vit og væri rétt að bora og flytja veituna upp fyrir Heiðmörkina.

Þessar umræður eru þar af leiðandi sérstaklega áhugaverðar þegar menn telja að eina lausnin sé að loka aðgengi að vinsælu útivistarsvæði, án þess að það leysi þá viðvarandi áhættu sem Suðurlandsvegur verður.

Það að heimila umgengni, án akstursaðgengi veldur einnig spurningum um aðgengi allra að útivist, eldvörnum og aðgengi neyðarbíla í Heiðmörkinni. Allt lýtur þetta að sama brunni, að lausnin sé illa hugsuð og leysi ekki vel þann vanda sem menn hyggjast leysa. Við tókum einu sinni þátt í að slökkva skógar-/mosaelda ofarlega í Heiðmörkinni og hefði ég ekki boðið í það ef mannskapurinn hefði þurft fyrst að

ganga nokkra kílómetra að svæðinu með þau tól sem þurfti til að slökkva eldana og kæfa glæður djúpt í hrauninu undir mosanum.

Árið 1969 var lögð leiðsla til Eyja úr borholu frá Eyjafjöllum, hönnuð af Þórhalli Jónssyni. Einar Sigurðson var einn aðal hvatamaðurinn að verkinu enda skipti þetta miklu máli fyrir fiskvinnsluna. Fyrir Eyjamenn var þetta nokkuð sem þeir höfðu alltaf dreymt um og nú varð þetta að veruleika. Ég man alltaf eftir áminningum frá frændum og frænkum þegar ég var í heimsókn í Eyjum hér áður fyrr: „Skrúfaðu fyrir vatnið drengur“.

Þegar borin er saman vatnsnotkun á íbúa annarsvegar í Eyjum og á höfuðborgarsvæðinu þá er notkunin minni í Eyjum á íbúa. Þarna er fólk sem hefur lært að nýta tæknina og fara sparlega með auðlindina.

Nú í dag finnst mér þegar ég skoða sögu Eyjamanna í vatnsvendarmálum og skoða hugmyndir Veitna í að loka umferð um Heiðmörkina eins og ég sé kominn mörg ár aftur í tímann í umræðu þar sem þekking virðist mjög takmörkuð og að ekkert hafi lærst af reynslu fyrri ára varðandi vatnstöku og vatnsvernd. Við Íslendingar erum leiðandi í heiminum á þessu sviði og erum eftirsóttir í verkefni á þessu sviði um allan heim.

Íshestar

Margrét Gunnarsdóttir

Umsögn birt 5.06.2025

Við hjá Íshestum tökum heilshugar undir með hestamannafélögum í Reykjavík og nágrenni, auk Landssambands hestamannafélaga um mikilvægi samgönguæðar hestamanna á milli sveitafélagana á höfuðborgarsvæðinu. Sömuleiðis fögnum við því að gert sé ráð fyrir uppbyggingu reiðvega á svæðinu í Heiðmörk enda einstakt fyrir heimamenn jafnt sem ferðamenn sem okkur sækja heim að geta riðið út í slíkri náttúruferlu rétt í útjaðri borgarinnar.

8

Jakob Frímann Þorsteinsson

Umsögn birt 17.06.2025

Athugasemdir og ábendingar við Skipulagslýsingu vegna nýs deiliskipulags Heiðmerkur.

Deiliskipulagslýsing fjallar um nýtt deiliskipulag Heiðmerkur innan Reykjavíkur.

Settar eru fram eftirfarandi athugasemdir:

Fram kemur að lengi hafi verið unnið að gerð deiliskipulags fyrir Heiðmörk (frá árinu 2010) og að nú hafi verið ákveðið að endurvekja þessa vinnu í „þeim tilgangi að tryggja verndun hreins neysluvatns til framtíðar“ og m.t.t. nógildandi skipulaga og samþykktu.

1. Þessi þrönga afmörkun tilgangs deiliskipulagsins er ekki viðunandi. Gildi þessa svæðis í dag er mun víðara en að afmarkast bara við verndun hreins neysluvatns (það kemur m.a. fram í rannsókn á virði þjónustu Heiðmerkur). Tilgangur deiliskipulagsins þarf að vera víðari og taka mið af gildi svæðisins fyrir útivist og tengingu almennings (og ferðamenn) við fjölbreytta náttúru Heiðmerkur.

2. Ekki kemur fram í skipulagslýsingunni hver greiðir fyrir gerð hennar, en heyrst hefur að það séu Veitur. Þegar vinna á deiliskipulag sem hefur víðtæk áhrif á mögulega nýtingu svæðisins fyrir fjölda fólks má ætla að það sé ekki eðlilegt að einn hagaðili sjái um greiðslu á slíku verki.

Fram kemur að stofnaður hefur verið „vinnuhópur sem fer fyrir deiliskipulagsvinnunni. Í hópnum eru „fulltrúar frá Reykjavíkurborg, Veitum, Orkuveitu Reykjavíkur, Skógræktarfélagi Reykjavíkur og Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.“

3. Athygli vekur að í þessum vinnuhópi eru í raun ekki fulltrúar þeirra sem nýta Heiðmörk til útivistar. Það er eðlilegt og mjög mikilvægt að Skógræktarfélag Reykjavíkur eigi fulltrúa enda er það „sjálfstætt starfandi áhugamannafélag sem vinnur að skógrækt, trjárækt og uppbyggingu útivistarsvæða í nágrenni höfuðborgarinnar“ en þau eru í raun ekki fulltrúar þeirra sem stunda þarna útivist. Sá hópur sem stundar útivist er breiður og fjölbreyttur en mjög mikilvægt að að finna leið til að þau eigi fulltrúa í þessari vinnu. Innan þessa hóps eru þær menntastofnanir sem nýta Heiðmörk sem vettvang náms og frístunda. Menningar- og íþróttasvið Reykjavíkur starfa í þrem sviðum sem eru menningarborgin, íþróttaborgin og útilífsborgin og tilvalið er að fá inn aðila frá útilífsborginni í vinnuhópinn. Einnig er Heiðmörk nýtt af ferðafélögum og áhugahópum ýmiss konar, sem mikilvægt er að fá inn fulltrúa þessara aðila inn í þennan vinnuhóp.

Í kafla um leiðarljós og markmið kemur fram að „Leiðarljós með gerð deiliskipulags fyrir Heiðmörk er að tryggja öryggi og óbreytt gæði grunnvatns til langrar framtíðar og að svæðið nýtist áfram til útivistar í sátt við vatnsvernd”.

4. Hér er eins og lýsing á tilgangi vinnunnar, afmörkunin þröng og forsendur vatnsverndar hafðar að leiðarljósi. Þessar forsendur munu marka niðurstöðuna. Fram hefur komið í opinberri umræðu að greining ISÓR leiði í ljós að möguleiki er að ná í vatn ofar í landi Heiðmerkur. Ef afmörkun vinnunnar opnar ekki fyrir slíkar lausnir þá er e.t.v. ekki litið til þeirra (sjá t.d. umfjöllun hér: <https://isor.is/um-vatnsvernd-og-skograekt/>)

Í texta sem fjallar um „helstu markmið sem útfærð verða í samræmi við leiðarljós“ er vatnsvernd skipuð í hásæti, t.d.:

- „Heiðmörk verði áfram fjölbreytt skógræktarsvæði þar sem gróðurþekja styður við vatnsgæði og viðhald hennar taki mið af vatnsvernd, brunavörnum, sjálfbærni og lýðheilsu.“
- „Heiðmörk verði áfram útivistarsvæði fyrir alla aldurshópa í sátt við vatnsvernd, með áherslu á vernd vistkerfa og náttúrufarsleg sérkenni.“
- “Skilgreina legu Græna stígsins í gegnum Heiðmörk með tilliti til vatns-, náttúruverndar og útivistar.“

5. Mikilvægt er einnig að setja útivist í hásæti, þannig að sú virkni sé ekki látin víkja þegar aðrir hagsmunir eru taldir meiri.

Því er fagnað að “Skilgreina og styrkja legu göngu-, hjóla- og reiðstíga um svæðið, með áherslu á tengingar við nærliggjandi byggð og aðliggjandi útivistarsvæði. Styrkja tengingu byggðar við Heiðmörk með áherslu á góð tengsl við almenningssamgöngukerfi og sjálfbæra ferðamáta.”

Fram kemur í skipulagslýsingunni að „Dregið verði úr umferð ökutækja á grannsvæði vatnsverndar“

6. Í umræðunni hefur komið fram að til standi að loka eigi á bílaumferð frá Rauðhólum að Búrfellsgjá. Því er ekki mótmælt hér að það getur verið gagnlegt að draga úr gegnumakstri í Heiðmörk. Auka þar öryggi í umferð með betri vegum en að loka alfarið á akstur inn á ákveðin svæði lokar fyrir notkun svæðisins fyrir ákveðna notendur. Það er ekki viðunandi og dregur úr að inngilding sé höfð að leiðarljósi.

Að lokinni upptalningu á ýmsum markmiðum kemur fram „Með þessu móti verður Heiðmörk aðgengilegri og öruggari fyrir alla notendur, sérstaklega börn og eldra fólk, á meðan við tryggjum viðhaldið á öryggi neysluvatnsins“

7. Það er mjög óljóst hvað er verið að vísa til. Er verið að halda því fram að markmiðin sem talin erum upp geri Heiðmörk „aðgengilegri og öruggari fyrir alla notendur, sérstaklega börn og eldra fólk, á meðan við tryggjum viðhaldið á öryggi neysluvatnsins“?

- Það er mjög brött fullyrðing sem ekki stenst skoðun.

- Eða á deiliskipulagið að gera „Heiðmörk aðgengilegri og öruggari fyrir alla notendur, sérstaklega börn og eldra fólk, á meðan við tryggjum viðhaldið á öryggi neysluvatnsins.“?

- Þörf er á að setja þennan efnispátt skýrar fram.

Að lokum er svo sagt „Markmiðið er að hámarka heildarávinning samfélagsins með því að sameina útivist og vatnsvernd á skynsamlegan hátt.“

8. Athygli vekur að í allri skipulagslýsingunni er ekki tilraun gerð til að skilgreina eða skýra út hvað er átt við með orðinu útivist. Þetta hugtak hefur breiða merkingu í tungumáli okkar og mikilvægt að það sé skýrt við hvað sé átt í þeirri vinnu sem verið er að fara í. Fram hefur komið í opinberri umræðu um þessa vinnu að Orkuveitan eða Veitur hafi talið sig geta skilgreint hvað er útivist eða hvað hún er ekki. Það er óviðunandi. Hægt er að líta til þess fræðilega efnis sem til er um útivist á íslensku en einnig er skynsamlegt að líta til orðræðu og merkingu orðsins „friluftsliv“ í norrænu samhengi, en það hefur verið hluti af lögum og reglugerðum í langan tíma.

Mikilvægt er að taka mið af þróun í skipulagi útivistarsvæða, t.d. í Osló. Þar hefur þurft að taka mið af vatnsvernd og uppbyggingu útivistarsvæða. Sett voru lög sem heita „Lov om naturområder i Oslo og nærliggende kommuner (markaloven)“, sjá á <https://lovdata.no/dokument/LTI/lov/2009-06-05-35>

Í þessum lögum er tekið mið af vatnsvernd, en megináhersla laganna er á að stuðla að útivist og vernda náttúrulegt umhverfi fyrir útpenslu borgarinnar.

Í Osló er núna stórt verkefni í gangi þar sem ná á í gott vatn um langa leið til að skerða m.a. ekki útivist almennings en jafnframt tryggja fólki gott vatn, sjá á <https://www.oslo.kommune.no/vann-og-avlop/ny-vannforsyning-oslo/>

Tengsl við aðrar áætlanir og stefnur

9. Í þennan kafla sýnist mér vanta mikilvægar stefnur t.d.

Tækifæri til útivistar við vötn, haf og gönguskíðaiðkun

<https://www.ssh.is/is/verkefni/soknaraaetlun/ahersluverkefni-soknaraaetlunar-2020-2024/tækifaeri-til-utivistar-vid-votn-haf-og-gonguskidaidkun>

Höfuðborgarsvæðið 2040 - Náttúra og útivist - Fylgirit með svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2015-2040

https://www.ssh.is/static/files/hofudborgarsvaedid_2040/fylgirit_8_nattura_utivist_grein_argerd-eftir_auglysingu.c.pdf

Samráðs- og umsagnaraðilar

10. Þörf á að setja þar fram hvaða félög eða stofnanir sem tengjast útivist á að hafa samráð við.

Að læra af öðrum

11. Það er eðlilegt að ólík sjónarmið séu uppi um skipulag og nýtingu svæða og vil ég benda hér á athyglisverða grein sem e.t.v. má læra af um spennu og áskoranir í varðveislu og notkun skóga í nágrenni við þéttbýlis: Outdoor life, nature experience, and sports in Norway: tensions and dilemmas in the preservation and use of urban forest

<https://www.tandfonline.com/doi/full/10.1080/17430437.2017.1390938#abstract>

Að leita lausna á siðferðilegum álitamálum

Skýrt skal tekið fram að sá sem setur fram þessar athugasemdir er mjög meðvitaður um mikilvægi vatnsverndar og að allir íbúar höfuðborgarsvæðisins hafi aðgang að góðu og hreinu vatni. En skipulagslýsingin er ekki í takt við breiða notkun á svæðinu. Hún setur ekki viðunandi ramma fyrir vinnuhópin sem gefur möguleika á fjölbreyttari leiðum til vatnsverndar á sama tíma og tryggðir eru (og helst auknir) möguleikar fólks á öllum aldri til útivistar og að njóta náttúrunnar.

Þegar undirritaður kynnti sér stefnur Veitna var gott að sjá að þær starfa eftir skýrum siðareglum.

Þar kemur m.a. fram að „eitt af gildum Veitna er heiðarleiki. Heiðarleiki snýr að því hvernig við komum fram við viðskiptavinum og hvert við annað, hvernig við störfum og hvernig við tryggjum gegnsæi í rekstri.”

Þetta er sérlega mikilvægt í ferlinu sem núna er farið af stað þar sem stórt og öflugt fyrirtæki eins og Veitur (og líklega einnig Orkuveitan, enn stærra fyrirtæki) eru að eiga samtal og samráð í gegnum deiliskipulagsvinnuna við almenning og ákveðna hagsmunahópa. Staða þessara aðila er ekki jöfn og því er mjög gott að vita til þess að „siðareglurnar leiðbeina okkur [Veitum] þegar siðferðileg álitamál koma upp í starfi. Þær hjálpa okkur að láta heiðarleika, virðingu og jafnrétti einkenna öll okkar samskipti hvort sem er við viðskiptavinum, samstarfsfólk, stjórn, verktaka eða aðra hagsmunaaðila.”

12. Nú er uppi stórt siðferðilegt álitamál sem kalla þarf til marga aðila að til að leiða fram farsæla niðurstöðu.

Kær kveðja,

Dr. Jakob Frímann Þorsteinsson

aðjúnkt við HÍ, faðir og sérstakur áhugamaður um aðgengi fólks að náttúrunni

Jón Bjarni Magnússon

Umsögn birt 30.06.2025

Sem virkur notandi Heiðmerkur til göngu, hlaupa og annarrar náttúruupplifunar, geri ég athugasemdir við að deiliskipulagið skorti skýra tryggingu á vernd útivistarsvæða og aðgengi allra. Ég tel að framkvæmdir og stígabreytingar eigi að hámarka náttúruvernd og bæta aðstöðu fyrir alla íbúa, ekki rýra hana. Ég óska eftir því að skipulagið verði unnið í nánara samráði við útivistarfélög og að fram fari sjálfstætt umhverfismat áður en staðfesting fer fram.

Jafnframt er ör-umfjöllun í deiliskipulag Suðurlandsvegar frá Fossvöllum að Hólmsá þar sem verið er að breikka þjóðveginn og auka umferð. Þar er verið að auka áhættuna til muna með því að ýta undir aukna umferð uppvið svæðið. Miklu nær væri að fara í aðgerðir til að draga úr umferð og auka öryggi hennar á því svæði heldur en að loka á þá litlu umferð sem er í Heiðmörkinni sjálfri af bílum.

Fyrst og fremst er gerð athugasemd við að lítið sem ekkert samráð virðist haft við aðra en þá sem huga að vatnsverndinni

Jón Viðar Baldursson

Umsögn birt 1.07.2025

Til þess er málið varðar.

Sú aðgerð að banna bílaumferð um megnið af Heiðmörk virðist litast af vanþekkingu á verðmæti útivistar. Heiðmörk er vinsælasta útivistarsvæðið á höfuðborgarsvæðinu og þessi aðgerð hefur veruleg neikvæð áhrif á aðgengi.

Ekki er séð að meðalhófs sé gætt.

Ekki að það hafi verið skoðað hvort minnka megir núverandi vatnstökusvæði þ.a. ekki þurfi að stækka girðingar.

Ekki er að sjá að neitt verðmætamat hafi verið lagt á svæðið sem aðgengið verður takmarkað á. Það þarf til að það sé hægt að fá skynsamlega umræðu um kostnað við mismunandi leiðir. Það virðist sem fórnarkostnaðurinn sé reiknaður núll, sem er fjarstæða.

Ekki er séð að kostnaðarmat hafi farið fram á því hvort ekki sé hagkvæmara að færa hluta vatnstökunnar ofar í svæðið eða útfyrir það.

Heiðmörk er mikið notuð á haustin þegar skjólið af skóginum er þarft. Bílastæði á Rauðhólasvæðinu er um 2 km frá samfelldum skógi í Heiðmörk þ.a. leiðir þaðan eru útsettar fyrir vindi og regni.

Almennt virðist þessi tillaga horfa framhjá því að útivistarsvæði er gæði sem þarf að meta til verðmæta. Ímyndum okkur íþróttasvæðið í Laugardal til samanburðar. Þegar aðgengið er skert með þessum hætti þá rýrnar verðmæti svæðisins til muna. Þessi verðmætaryrnun er ekkert metin og því engin leið að bera saman mismunandi kosti.

Einnig ber kynningin og asinn merki þess að framkvæmdaraðili sé lítið til í samtal og hafi talið best að láta almenning standa frammi fyrir orðnum hlut. Slík vinnubrögð eru engum til sóma.

Ketill Berg Magnússon

Umsögn birt 29.05.2025

Ég vil gera alvarlega athugasemd við áætlanir um að hefta aðgengi almennings um Heiðmörk. Ég hvet aðila málsins til að vega lýðheilsulegt gildi þessa útivistarsvæðis og finna leiðir til að lágmarka hættuna á spillingu neysluvatns sem tryggja jafnframt áfram opið aðgengi að svæðinu. Það er verkfræðileg áskorun eins og þær gerast bestar - óþarfi að hugsa í binary lausnum. Fáum okkar besta fólk til að leysa með skapandi hönnunarsamkeppni.

3

Kristinn Kristinsson

Umsögn birt 25.05.2025

Til þess er málið varðar.

Heiðmörk er mikilvægasta útivistarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Ljóst er því að gæta skuli meðalhófs við takmörkun aðgengis að svæðinu, sérstaklega í ljósi þess að mikil reynsla er af áhrifum núverandi aðgengi að því, sem verið hefur við lýði í marga áratugi og hefur ekki leitt til neins stórslyss sem hefur ógnað neysluvatnsöryggi.

Í þessari skipulagslýsingu er því haldið fram að með því að takmarka aðgengi ökutækja verði svæðið aðgengilegra fyrir börn og eldra fólk. Sú staðhæfing höfunda skýrslunnar er ekki bara kolröng, heldur er því beinlínis öfugt farið. Heilbrigðir fullorðnir einstaklingar geta kannski flestir lagt í þá nokkuð langa göngu sem til þarf til að komast á þau svæði sem nú eru aðgengileg með ökutækjum. En slíkt á mjög augljóslega ekki við um börn eða eldra fólk. Svo ekki sé talað um fólk sem er hreyfihamlað. Það væri mikill reiðaslagur fyrir þær fjölskyldur sem hafa notið útivistar á svæðinu, notað þar leiktæki og útielðunaraðstöðu, ef ekki verður lengur hægt að hafa þar aðgengi á ökutæki.

Ég vona að í þessu felist yfirsjón skýrsluhöfunda, sérstaklega í ljósi þess að þeir vísa sjálfir í aðgengi barna og eldra fólks, og að hætt verði við öll áform um að skerða aðgengi ökutækja að svæðinu.

Takk fyrir.

Kristinn Kristinsson

1

Kristinn Zimsen

Umsögn birt 18.06.2025

Útivist í Heiðmörk er og hefur verið mjög verðmæt fjöldi íbúa á höfuðborgarsvæðinu. Gott neysluvatn er einnig mjög verðmæt auðlind. Lokun á útivistarmöguleikum í Heiðmörk er harmleikur fyrir fjölda manns.

Er Orkuveitan ófær um að veita heilnæmu vatni til neytenda án þess að loka Heiðmörk í raun til útivistar? Miðað við fjarlægð frá fyrirhuguðum bílastæðum verður svæðið í reynd lokað eldri borgurum og barnafólki.

24

Ólafur Einar Jóhannsson

Umsögn birt 14.06.2025

Reykjavík 14. júní 2025

Umsögn Veiðifélags Elliðavatns um áform um takmörkun eða bann við bílaumferð um Heiðmörk

Veiðifélag Elliðavatns mótmælir harðlega áformum um bann við bílaumferð um Heiðmörk. Slíkt bann myndi hafa afar neikvæð áhrif á útivistarmöguleika almennings í Heiðmörk sem og að torvelða mjög aðgengi að Elliðavatni sem er vinsælasta veiðivatn á höfuðborgarsvæðinu.

Undanfarið hafa fréttir verið sagðar í fjölmiðlum af áformum Veitna og Reykjavíkurborgar um að loka grannsvæði vatnsverndar fyrir almennri bílaumferð, en svæðið nær yfir meginhluta Heiðmerkur.

Lokun grannsvæðis vatnsverndar myndi hafa þær afleiðingar að ekki yrði unnt að komast akandi að Elliðavatni og bílastæði yrðu við Suðurlandsveg; við Rauðhóla eða Búrfellsgjá. Til að komast að Elliðavatni gætu veiðimenn þurft að ganga nokkra kílómetra og sem hefði þær afleiðingar að Heiðmörk yrði lokað fyrir þorra þeirra silungsveiðimanna sem Elliðavatn heimsækja.

Fjöldi veiðimanna sækir Elliðavatn heim á hverju sumri og í þeim hópi eru þúsundir eldri borgara, ellilífeyrisþega og öryrkja sem njóta útiveru við vatnið sér til heilsubótar og dægradvalar. Takmörkun á aðgengi að Elliðavatni myndi hafa verulega neikvæð áhrif á þennan hóp fólks. Verður því vart trúað að Veitur og Reykjavíkurborg ætli með framangreindum hætti að reka hornin í þetta fólk.

Fram hefur komið að takmarkað aðgengi að Heiðmörk og þ.m.t. Elliðavatni, sé talið nauðsynlegt til að vernda vatnstökusvæði innan friðlandsins í Heiðmörk. Veiðifélag Elliðavatns álítur að akstur veiðimanna meðfram vatninu valdi vatnsbólum á svæðinu engri hættu. Rannsóknir sýna að bæði grunn- og yfirborðsvatn rennur frá Heiðmörk í átt til Elliðavatns og Vatnsenda. Áratuga reynsla er af umferð veiðimanna um Heiðmörk og dvöl þeirra á svæðinu við veiðar. Engin þekkt dæmi eru um mengun á svæðinu af völdum aksturs eða dvalar veiðimanna við Elliðavatn. Til að gæta ýtrasta öryggis má útbúa

bílastæði með mengunargildrum til en skv. framansögðu væri það fyrst og fremst til verndar vatnasvæði Elliðavatns.

Áform Veitna og Reykjavíkurborgar um framangreint voru rædd á aðalfundi veiðifélags Elliðavatns sem haldinn var 22. apríl sl. Þar var neðangreind ályktun samþykkt samhljóða af fulltrúum landeiganda sem aðild eiga að veiðifélaginu:

„Fyrirhuguð takmörkun á umferð um Heiðmörk

Aðalfundur Veiðifélags Elliðavatns haldinn 22. apríl 2025 krefst þess að samráð verði haft við veiðifélagið samhlíða því sem unnið er að tillögum að breytingum á deiliskipulagi Heiðmerkur vegna nýrra áherslna á vatnsvernd svæðisins. Vakin er athygli á því að verði bílaumferð hamlað eða hún bönnuð að Elliðavatni, mun það óhjákvæmilega hafa afar neikvæð áhrif á útivistarmöguleika fólks á svæðinu.

Elliðavatn er fjölsótt veiðivatn og það gjöfulasta sem finna má í nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Elliðavatn heimsækja þúsundir á hverju sumri til að njóta útiveru við silungsveiðar sér til gamans og heilsubótar. Veiðileyfi í Elliðavatn eru ódýr, enda sækir þangað fjöldi fólks sem hefur ekki úr miklum fjármunum að spila þegar kemur að stangaveiði, unglingar, eldra fólk, ellilífeyrisþegar og öryrkjar.

Veiðifélag Elliðavatns leigir út veiðiréttinn til Veiðikortsins, en einnig eru seld stök leyfi á staðnum. Verði af því að bílaumferð að vatninu verði takmörkuð mjög eða bönnuð, er mikil hætt á að samningi um veiðirétt í vatninu verði sagt upp vegna forsendubrests og veiðifélagið verði þannig af milljóna tekjum árlega.

Er þá ótalinn sá skaði sem almenningur verður fyrir með því að aðgangur verði hindraður að þeirri náttúruþerlu sem Elliðavatn sannarlega er.“

Þess er vænst að verði af því að nýtt deiliskipulag verði gert um Heiðmörk, að tillit verði tekið til framangreindra sjónarmiða.

Ólafur E. Jóhannsson,

formaður Veiðifélags Elliðavatns

Pétur Már Jónsson

Umsögn birt 16.06.2025

Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík

Borgartúni 12-14

105 Reykjavík

Fyrir hönd umbjóðanda er óskað eftir því að Veitur, og eftir atvikum Reykjavíkurborg, skýri hvernig fyrirhugað sé að koma til móts við eigendur fasteigna sem munu að líkindum lenda innan fyrirhugaðra aðgengi hindrana (helgunarreits) Veitna, í landi Heiðmerkur.

Að óbreyttu munu gæði umræddra fasteigna skerðast verulega og í raun verða óaðgengilegar eigendum sínum, þ.e. gangi áform Veitna eftir.

Að framansögðu er m.a. vísað er sérstaklega til krafna um meðalhóf vegna skerðinga og takmörkunar eignaréttinda.

Þess ber að geta að umbjóðandi minn hefur skilning á mikilvægi verndunar á umræddu svæði vegna vatnsbóls og er viljugur til samtals við hagaðila, en þykir framganga Veita hingað til fremur hörð, frumkvæði Veitna til samtals er algjörlega óskiljanlegt.

Komi til álita að hálfu hagaðila, sem hyggast breyta gæðum framangreindra eigna með eignarnámi, þá telst það sérstakt að slíkt hafi ekki verið borið undir eigendur umræddra eigna, áður en formlegt ferli er hafið.

Öllum skerðingum sem snúa að notkun og gæðum þeirra eigna sem kunna að falla innan fyrirhugaðra takmarkanna, nú eða síðar, er því harðlega mótmælt.

Komi til þess að Veitur farið fram með áform sín, án þess að láta reyna samtal og samninga við eigendur umræddra eigna, þá liggur beint við að óska eftir lögbanni á fyrirhugaða framkvæmd.

Reykjavík, 16. júní 2025

Pétur Már Jónsson, lögmaður

Vilhelm Grétar Ólafsson

Umsögn birt 1.07.2025

Heiðmörk er eitt vinsælasta og mikilvægasta útivistasvæði suðvesturhornsins. Það að skerða aðgengi útivistaráhugafólks, hlaupahópa og hlaupara sem og allra sem vilja njóta þeirra frábæru gönguleiða sem þar eru er algerlega fráleitt. Beðið er um að þessi ákvörðun verði endurskoðuð.

38

Þrándur Sigurjón Ólafsson

Umsögn birt 30.06.2025

Orkuveita Reykjavíkur með dótturfélagi sínu Orku náttúrunnar var í fararbroddi í því að veita rafbílum brautargengi með ívilnunum (græn stæði, hleðslulausnir ofl.). Sé ótti við olíumengun, t.d. við bílslys meginhvati þess að takmarka aðgengi nú, er lausnin augljóslega sú að heimila rafbílum aðgengi, líkt og er í dag, en meina brunabílum (ICE). Þetta væri þá nýjasta ívilnunin í átt til ábyrgrar rafvæðingar samgangna, í anda þess sem OR hefur staðið fyrir hingað til.

33

Aðalbjörg Hlín Brynjólfsdóttir

Umsögn birt 12.06.2025

Það er sjálfsagt að loka svæðinu en líka sjálfsagt að hleypa rafmagnsknúnum
ökutækjum inn á svæðið

14

Páll Eysteinn Guðmundsson

Umsögn birt 1.07.2025

Umsögn Ferðafélags Íslands.

Reykjavík 2.7.2025

Deiliskipulag í Heiðmörk

Ferðafélag Íslands (FÍ) fagnar því að unnið sé að deiliskipulagi fyrir Heiðmörk.

Í þeirri vinnu telur FÍ mikilvægt að unnið sé út frá því að Heiðmörk sé helsta útivistarsvæði höfuðborgarbúa og rík áhersla lögð á að svo verði áfram. Félagið telur að slík forgangsriðun geti fallið vel saman við markmið um skógrækt og vatnsvernd.

FÍ telur mikilvægt að unnið sé eftir lögum um náttúruvernd, sem kveður á um almannarétt, sem og gætt verði meðalhófs í allri vinnu og ákvarðanatöku. Félagið telur að margar leiðir séu færar til að ná markmiðum um vatnsvernd, án þess að skerða hlut útivistar.

Ferðafélag Íslands er stærsta útivistarfélag landsins með um tíu þúsund greiðandi félaga. Félagið hefur í áratugi starfað í Heiðmörk, bæði sem landnemi og sinnt sínum landnámsreit í áratugi, og eins á seinni árum sett upp ratleik sem notið hefur mikilla vinsælda, t.d. hjá nemendum í grunnskólum borgarinnar. Auk þessa hefur FÍ staðið fyrir ýmsum viðburðum og ferðum á Heiðmerkursvæðinu s.s. sveppatínslu, göngu- hjóla- og skíðaferðum, allt til þess að kynna svæðið fyrir almenningi um leið og hvatt hefur verið til heilsueflingar og þar með bættrar lýðheilsu.

Ferðafélag Íslands fer fram á gott samstarf við deiliskipulagsvinnuna og telur rétt að á meðan deiliskipulagið er í vinnslu að öllum framkvæmdum í Heiðmörk, m.a.. við fyrirhugaða girðingarvinnu og breytingum á núverandi stígakerfi, verði frestað.

Að mati FÍ ættu helstu markmið við deiliskipulagið að vera eftirfarandi:

- Heiðmörk verði áfram útivistarsvæði fyrir alla aldurshópa í sátt við vatnsvernd, með áherslu á vernd vistkerfa og náttúrufarsleg sérkenni.
- Heiðmörk verði áfram fjölbreytt skógræktarsvæði þar sem gróðurþekja styður við vatnsgæði og viðhald hennar taki mið af vatnsvernd, brunavörnum, sjálfbærni og lýðheilsu.
- Skilgreina og styrkja legu göngu-, hjóla- og reiðstíga um svæðið, með áherslu á tengingar við nærliggjandi byggð og aðliggjandi útivistarsvæði.
- Styrkja tengingu byggðar við Heiðmörk með áherslu á góð tengsl við almenningssamgöngukerfi og sjálfbæra ferðamáta.
- Skilgreina upphafsstaði útivistar með greinagóðum upplýsingum um svæðið.
- Skilgreina hlutverk Elliðavatnsbæjarins og annarra mannvirkja innan Heiðmerkur.
- Móta framtíðarsýn fyrir háspennulínur innan svæðisins með tilliti til vatnsverndar.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd Ferðafélags Íslands,

Ólöf Kristín Sívertsen, forseti FÍ.

DOC

Heiðmörk - FÍ .docx

Deiliskipulag í Heiðmörk

Reykjavík 26 júní 2025

Ferðafélag Íslands (FÍ) fagnar því að unnið sé að deiliskipulagi fyrir Heiðmörk.

Í þeirri vinnu telur FÍ mikilvægt að unnið sé út frá því að Heiðmörk sé helsta útivistarsvæði höfuðborgarbúa og og rík áhersla lögð á að svo verði áfram. Félagið telur að slík forgangsröðun geti fallið vel saman við markmið um vatnsvernd. FÍ telur mikilvægt að unnið sé eftir lögum um náttúruvernd, sem kveður á um almannarétt, sem og gætt verði meðalhófs í allri vinnu og ákvarðanatöku. Félagið telur að margar leiðir séu færar til að ná markmiðum um vatnsvernd, án þess að skerða hlut útivistar.

Ferðafélag Íslands er stærsta útivistarfélag landsins með um tíu þúsund greiðandi félaga. Félagið hefur í áratugi starfað í Heiðmörk, bæði sem landnemi og sinnt sínum landnámsreit í áratugi, og eins á seinni árum sett upp ratleik sem notið hefur mikilla vinsælda, t.d. hjá nemendum í grunnskólum borgarinnar. Auk þessa hefur FÍ staðið fyrir ýmsum viðburðum og ferðum á Heiðmerkursvæðinu s.s. sveppatínslu, göngu- hjóla- og skíðaferðum, allt til þess að kynna svæðið fyrir almenningi um leið og hvatt hefur verið til heilsueflingar og þar með bættrar lýðheilsu.

Ferðafélag Íslands fer fram á gott samstarf við deiliskipulagsvinnuna og telur rétt að á meðan deiliskipulagið er í vinnslu að öllum framkvæmdum í Heiðmörk, m.a.. við fyrirhugaða girðingarvinnu og breytingum á núverandi stígakerfi, verði frestað.

Að mati FÍ ættu helstu markmið við deiliskipulagið að vera eftirfarandi:

- Heiðmörk verði áfram útivistarsvæði fyrir alla aldurshópa í sátt við vatnsvernd, með áherslu á vernd vistkerfa og náttúrufarsleg sérkenni.
- Heiðmörk verði áfram fjölbreytt skógræktarsvæði þar sem gróðurþekja styður við vatnsgæði og viðhald hennar taki mið af vatnsvernd, brunavörnum, sjálfbærni og lýðheilsu.
- Skilgreina og styrkja legu göngu-, hjóla- og reiðstíga um svæðið, með áherslu á tengingar við nærliggjandi byggð og aðliggjandi útivistarsvæði.
- Styrkja tengingu byggðar við Heiðmörk með áherslu á góð tengsl við almenningssamgöngukerfi og sjálfbæra ferðamáta.
- Skilgreina upphafsstaði útivistar með greinagóðum upplýsingum um svæðið.
- Skilgreina hlutverk Elliðavatnsbæjarins og annarra mannvirkja innan Heiðmerkur.
- Móta framtíðarsýn fyrir háspennulínur innan svæðisins með tilliti til vatnsverndar.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd Ferðafélags Íslands,

Ólöf Kristín Sívertsen, forseti FÍ.

Skipulagsgátt

Borgartún 7b, 105 Reykjavík

skipulagsgatt@skipulag.is

595 4100

©2025 Skipul

Umsögn um Mál nr.690/2025: Heiðmörk – USK24030262

Ég þakka tækifærið á að senda inn umsögn um þetta mál. Mig langar í þessu tilfelli að taka sérstaklega undir umsögn Júlíusar Valssonar: Mál nr.690/2025: Heiðmörk - USK24030262 - umsögnina eins og hún leggur sig.

Ég fullyrði að vatn okkar Íslendinga er stærsta auðlind Íslands. Stærri en fiskveiðiauðlindin.

Þetta gerir skýlausa kröf um að við gætum fyllstu varúðar í umgengni okkar við íslenska náttúru.

Þetta þýðir í reynd að í öllum tilfellum verðum við að láta náttúruna njóta vafans og ég hvet opinbera aðila sem vinna á þessu sviði til góðra verka og að þeir standi með náttúrunni ávallt, en hafni skammtímalausum á markaði.

Í ljósi reynslu minnar sem sérlegur áhugamaður um náttúruvernd og sem félagi Júlíusar í baráttu Hafnfirðinga gegn niðurdælingu iðnaðarúrgangs í skjóli loftslagsmálefna tek ég heilshugar undir eftirfarandi hugleiðingu Júlíusar.

„Enginn skynsamur maður getur verið á móti vatnsvernd en það vekur upp spurningu um hvort afstaða Veitna til verndar vatnsbóla Reykvíkinga sé í mótsögn við afstöðu eigandans í öðru máli þ.e. afstöðu Orkuveitu Reykjavíkur (OR), sérstaklega í ljósi áætlaðrar áhættufjárfestingar fyrirtækisins í umdeildu verkefni í Hafnarfirði; Coda Terminal, sem fólst í að dæla allt að 4,8

milljónum tonna af fljótandi iðnaðarmengun frá Evrópu niður í jarðlög og grunnvatn Hafnarfjarðar árlega.

Samkvæmt Umhverfisstofnun eru þetta aðskilin vatnasvið og þau hafa verið skilgreind sem slík í stjórn vatnamála á Íslandi þ.e. sem ótengd og sjálfstæð vatnshlot. Samkvæmt Veitum og Orkuveitu Reykjavíkur njóta Gvendarbrunnar sérstakrar verndar og Coda Terminal/CarbFix- svæðið staðsett utan vatnsverndarsvæða höfuðborgarsvæðisins.

Þrátt fyrir það voru sett fram rök og áhyggjur komu fram í umsögnum um Coda Terminal verkefnið í Hafnarfirði þar sem bent er á að ef öryggi bregst í dælingu eða holum geti mengun borist í grunnvatnsstrauma sem hugsanlega nái til jaðars Heiðmerkur sérstaklega ef þrýstikerfi grunnvatns raskast.

Hafnfirðingar höfðu tilboði OR og ESB um að dæla milljónum tonna af iðnaðarúrgangi niður í sitt nærsamfélag og nú er Orkuveita Reykjavíkur / CarbFix að leita að nýjum staðsetningum fyrir verkefnið utan höfuðborgarsvæðisins þar á meðal í Þorlákshöfn/Ölfusi, Helguvík og á Húsavík. Þar virðist ekki litið til ákvæða Vatnaáætlunar Íslands 2022–2027.

Á sama tíma njóta íbúar Reykjavíkur og Hafnarfjarðar þess að ganga og hjóla um Heiðmörk með vatnsbrúsa fulla af hreinu vatni úr Gvendarbrunnum eða jafnvel "sódavatni" frá CarbFix og sumir þeirra mæra jafnvel bíllausan lífsstíl. Mun Borgarlínan á endanum ná alla leið upp í Heiðmörk?"

Kópavogur 2.7.2025

Hákon Jóhannesson

Matvælafræðingur.

Erna Sigríður Ómarsdóttir

Umsögn birt 2.07.2025

Umsögn Hundaræktarfélags Íslands um skipulagslýsingu vegna deiliskipulags
Heiðmerkur – Maí 2025

Hundaræktarfélag Íslands (HRFÍ) vill í umsögn þessari leggja áherslu á mikilvægi þess að tryggt verði áfram gott aðgengi almennings að útivistarsvæðinu Heiðmörk. Svæðið gegnir lykilhlutverki fyrir almenna útivist í Reykjavík og nærliggjandi sveitarfélögum, sérstaklega með tilliti til lýðheilsu, hreyfingar og tengingar við náttúru.

HRFÍ ítrekar að aðgengi að Heiðmörk er einstök náttúruauðlind í höfuðborgarsvæðinu, en græn svæði í nánd við borgina eru takmörkuð og verða sífellt mikilvægari eftir því sem borgin þéttist. Fyrir marga hundaeigendur er Heiðmörk eitt af fáum svæðum þar sem hægt er að stunda reglubundna útivist með hundum, í öruggu umhverfi og í sátt við náttúru og aðra útivistargesti.

Við hvetjum Reykjavíkurborg til að tryggja aðkomu notendahópa á borð við HRFÍ við áframhaldandi vinnu við deiliskipulagið, og að stefnt verði að því að halda svæðinu opnu og aðgengilegu fyrir almenning, þar með talið hundaeigendur. Mikilvægt er að göngu- og reiðstígar verði hannaðir með fjölbreytta notkun í huga og að upplýsingar og merkingar geri öllum notendum ljóst hvar og hvernig nýta megir svæðið með ábyrgum hætti.

Við leggjum einnig áherslu á að viðhalda jafnvægi milli vatnsverndar og útivistar – markmið sem eru ekki andstæð heldur geta stutt hvort annað með vandaðri hönnun og skýrum viðmiðum.

Virðingarfyllt,

f.h. Hundaræktarfélag Íslands

Erna Sigríður Ómarsdóttir, formaður HRFÍ

Reykjavík, 2. júlí 2025

Júlíus Valsson:

Til Skipulagsstofnunar.

Umsögn um Mál nr.690/2025: **Heiðmörk - USK24030262**

Gott neysluvatn er líklega ein verðmætasta auðlind Íslendinga. Vatnsból höfuðborgarsvæðisins eru aðallega staðsett í Heiðmörk og nágrenni og spannar vatnsverndarsvæðið um 250 ferkílómetra. Veitur hafa áhyggjur af vaxandi umferð um vatnsverndarsvæðið og sérstaklega sérstaklega vegna flutnings mikils magns olíu um Suðurlandsveg sem liggur við jaðar vatnsverndarsvæðisins.

Skv. skipulagslýsingu vegna nýs deiliskipulags Heiðmerkur frá maí 2025 er markmiðið að „draga úr umferð ökutækja á grannsvæði vatnsverndar“. Veitur vilja því takmarka bílaumferð um Heiðmörk verði takmörkuð og loka fyrir umferð almennra ökutækja.

Reykjavíkurborg vinnur ásamt Veitum að breyttu deiliskipulagi fyrir Heiðmörk. Stefnt er að því að vinna ljúki í upphafi næsta árs og er deiliskipulagið forsenda fyrir uppbyggingu nýrra bílastæða í nágrenni Heiðmerkur. Farartæki á vegum Skógræktarinnar og Veitna munu áfram hafa aðgang að friðlandinu. Almennri bílaumferð verður beint á ný bílastæði, en staðsetning þeirra liggur ekki enn fyrir.

Í Vatnaáætlun Íslands 2022-2027 segir m.a.: "Landsskipulagsstefna er fyrsta samræmda stefnan um skipulagsmál á landsvísu. Með henni eru settar fram leiðbeiningar til sveitarfélaga um skipulagsgerð og áætlanir um landnotkun og byggðaðróun. Í lögum um stjórn vatnamála kemur fram að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda t.d. vegna skipulagsmála skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun/breytingu skipulagsáætlunar skal samræma hana vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Allt vatn á Íslandi skal vera í mjög góðu eða góðu ástandi og þurfa skipulagsáætlanir að taka mið af því."

Í 4. kafla koma fram eftirfarandi upplýsingar:

"Álag á vatn þegar búið er að afmarka vatnshlotin þarf að greina álag á vatnsauðlindina en margs konar umsvif manna geta valdið álagi á yfirborðsvatn og grunnvatn. Vatnshlot geta verið undir álagi ef í þau eru losuð efni í því magni sem veldur mengun. Álag getur einnig skapast vegna vatnsformfræðilegra breytinga svo sem vegna breytinga á árfarvegum,

stíflugerð, vegagerð, hafnargerð eða efnistöku. Jafnframt er vatnstaka umfram endurnýjun skilgreind sem álag. Álagi af völdum mengunar er skipt í tvennt, þ.e. punktlosun og dreifða losun. Punktlosun nefnist það þegar uppspretta losunar er afmörkuð t.d. frá útrásaropi fráveitu eða starfsleyfisskyldri starfsemi (iðnaði). Dreifð losun er hins vegar álag sem ekki er hægt að afmarka á ákveðnum stað og má þar nefna áburðarnotkun í landbúnaði, afrennsli af þéttum flötum, s.s. iðnaðarsvæðum og götum í þéttbýli." Ísland hefur nú hlotið 3,5 milljarða styrk frá ESB til að koma vatnsverndarmálum Íslands í betra horf.

Lokun grannsvæðis vatnsverndar í Heiðmörk myndi þýða að ekki væri lengur hægt að aka að Elliðavatni og að bílastæði yrðu staðsett við Suðurlandsveg, annaðhvort við Rauðhóla eða Búrfellsgjá.

Til að komast að Elliðavatni gætu veiðimenn þurft að ganga nokkra kílómetra og sem hefði þær afleiðingar að Heiðmörk yrði lokað fyrir þorra þeirra silungsveiðimanna sem Elliðavatn heimsækja.

Ferðafélag Íslands telur að hægt sé að ná markmiðum um vatnsvernd með mörgum leiðum án þess að skerða útivist og jafnvel Landsamtök hjólreiðamanna (LHM) telja að tillögur Orkuveitu Reykjavíkur um vatnsvernd í núverandi mynd gangi of langt gagnvart útivist á svæðinu.

Aðalfundur Landverndar hvetur alla sem koma að framtíðarskipulagi Heiðmerkur til að virða almannarétt og beita meðalhófi í ákvarðanatöku. Þannig má tryggja að nauðsynleg verndun vatnsbóla verði ekki á kostnað aðgengis almennings að náttúru og útivistarsvæðum. Leita skal allra leiða til að samræma markmið um vatnsvernd og rétt fólks til aðgangs að náttúru, í anda sjálfbærrar þróunar og lýðræðislegra sjónarmiða.

Enginn skynsamur maður getur verið á móti vatnsvernd en það vekur upp spurningu um hvort afstaða Veitna til verndar vatnsbóla Reykvíkinga sé í mótsögn við afstöðu eigandans í öðru máli þ.e. afstöðu Orkuveitu Reykjavíkur (OR), sérstaklega í ljósi áætlaðrar áhættufjárfestingar fyrirtækisins í umdeildu verkefni í Hafnarfirði; Coda Terminal, sem fólst í að dæla allt að 4,8 milljónum tonna af fljótandi iðnaðarmengun frá Evrópu niður í jarðlög og grunnvatn Hafnarfjarðar árlega.

Samkvæmt Umhverfisstofnun eru þetta aðskilin vatnasvið og þau hafa verið skilgreind sem slík í stjórn vatnamála á Íslandi þ.e. sem ótengd og sjálfstæð vatnshlot. Samkvæmt Veitum og

Orkuveitu Reykjavíkur njóta Gvendarbrunnar sérstakrar verndar og Coda Terminal/CarbFix-svæðið staðsett utan vatnsverndarsvæða höfuðborgarsvæðisins.

Þrátt fyrir það voru sett fram rök og áhyggjur komu fram í umsögnum um Coda Terminal verkefnið í Hafnarfirði þar sem bent er á að ef öryggi bregst í dælingu eða holum geti mengun borist í grunnvatnsstrauma sem hugsanlega nái til jaðars Heiðmerkur sérstaklega ef þrýstikerfi grunnvatns raskast.

Hafnfirðingar höfðuðu tilboði OR og ESB um að dæla milljónum tonna af iðnaðarúrgangi niður í sitt nærsamfélag og nú er Orkuveita Reykjavíkur / CarbFix að leita að nýjum staðsetningum fyrir verkefnið utan höfuðborgarsvæðisins þar á meðal í Þorlákshöfn/Ölfusi, Helguvík og á Húsavík. Þar virðist ekki litið til ákvæða Vatnaáætlunar Íslands 2022–2027.

Á sama tíma njóta íbúar Reykjavíkur og Hafnarfjarðar þess að ganga og hjóla um Heiðmörk með vatnsbrúsa fulla af hreinu vatni úr Gvendarbrunnum eða jafnvel "sódavatni" frá CarbFix og sumir þeirra mæra jafnvel bíllausan lífsstíl. Mun Borgarlínan á endanum ná alla leið upp í Heiðmörk?

Reykjavík, 2. júlí 2025

Rut Kristinsdóttir

Umsögn birt 1.07.2025

Meðfylgjandi er umsögn Landsnets, sem óskar eftir að verða tilgreindur umsagnaraðili við frekari málsmeðferð skipulagsins.

PDF

Heiðmörk dsk.pdf

35

Menningar- og íþróttasvið Reykjavíkur

Athugasemdir Útílífsborgarinnar fyrir hönd Menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkur vegna deiluskipulagslýsingu Heiðmerkur er fjallar um nýtt deiluskipulag Heiðmerkur innan Reykjavíkur.

1. Aðdragandi og tilgangur

- a. Aðdragandi og tilgangur endurtektar skipulagsvinnu við deiluskipulag margbrotins Heiðmerkursvæðisins er settur einhliða fram; *Verndun hreins neysluvatns til frambúðar*. Það getur tæplega talist viðunandi í ljósi annars lykilhlutverks svæðisins, sem skógræktar- og friðlands, stærsta og skjólmesta útivistarsvæðis Reykjavíkur og einstaks svæðis til náms og mennta. Auk þess er þröngt skilgreindur aðdragandi til þess fallinn að kasta rýrð á margþættan ávinning og mikilvægi Heiðmerkursvæðisins á lýðheilsu og náttúruvernd.
- b. Vinnuhópur, sem stofnaður er fyrir álíka deiluskipulagsvinnu, þarf að vera fjölbreyttur og samansettur af fulltrúum frá stofnunum sem tala máli fjölbreytts hóps hagsmunaaðila og þjónustuþega. Í vinnuhópi deiluskipulags Heiðmerkur þurfa að koma að borðinu fulltrúar og sérfræðingar sem gæta hagsmuna útivistar, lýðheilsu, mennta – og frístundarmála að ógleymdum þeim sem standa vörð um ellefta heimsmarkið Sameinuðu þjóðanna um aukinn jöfnuð og þeir sem vinna að bættu aðgengi fyrir ÖLL.

2. Skipulagssvæðið

- a. Úr skipulagslýsingu kemur eftirfarandi fram: Landsvæði Heiðmerkur fellur auk Reykjavíkur undir tvö önnur sveitarfélög, þ.e. Garðabæ og Kópavog en deiliskipulag þetta mun aðeins ná yfir hluta Heiðmerkur er liggur innan sveitarfélagamarka Reykjavíkurborgar.

Við vinnu að gerð deiluskipulags fyrir þetta svæði er mikilvægt og að það sé tryggt að samráð sé haft við þau sveitafélög sem að svæðinu koma og að rýnt sé í heildarsýn svæðis bæði er varðar útivist, skógrækt og vatnsvernd.

3. Leiðarljós og markmið

- a. Hér er öryggi vatns sett í öndvegin en leiðarljós og helstu markmið ættu einnig að snúa að:
 - i. Þróun og „bestun“ Heiðmerkur sem mikilvægs skógræktar- og sjálfbærnisvæðis.
 - ii. Heilsueflandi lýðheilsuparadísar og útivistarsvæðis með óþrjótandi möguleika til náms, leiks og hreyfingar fjölbreyttrar íþróttar- og heilsuiðkunar.
 - iii. Góðu aðgengi, allt árið um kring, fyrir öll.

Ofangreint sé unnið í nýju deiliskipulagi í sátt við vatnsvernd og með það að leiðarljósi að öryggi og gæði grunnvatns sé tryggt til langrar framtíðar.

- b. Þau ellefu markmið, sem talin eru upp undir leiðarljósi, eru tæplega öll í takt við samantekt/niðurlag þessa kafla, þar sem stendur: „*Með þessu móti verður Heiðmörk aðgengilegri og öruggari fyrir alla notendur, sérstaklega börn og eldra fólk, á meðan við tryggjum viðhaldið á öryggi neysluvatnsins. Markmiðið er að hámarka*

heildarávinning samfélagsins með því að sameina útivist og vatnsvernd á skynsamlegan hátt.“

Í umræðu um Heiðmörk eru vísbendingar að hér sé frekar verið að draga úr aðgengi almennings á svæðið, sem takmarkar sérstaklega aðgengi viðkvæmra hópa s.s. fólks með skerta hreyfigetu, barna og aldraðra, heldur en að leita annarra leiða sem tryggir bæði gott aðgengi og vatnsvernd.

Svæði Heiðmerkur, sér í lagi þau sem liggja innar í mörkinni og (suðaustur af Heiðmerkurvegi), eru einstaklega skjólgóð og tilvalin til útivistar og útilífs þegar veður allt í kring eru válynd og vond. Passa þarf sérstaklega upp á gott aðgengi fólks að þessum svæðum með það í huga að þjónustuþegar dreifist vel um mörkina.

4. Tengsl við aðrar áætlanir og stefnur

- a. Hér þarf að bæta við Lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar
- b. Við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna má bæta við:
 - i. 3. *Heilsa og vellíðan*
 - ii. 10. *Aukin jöfnuður*
 - iii. 11. *Sjálfbærar borgir og samfélög*

Atli Steinn Árnason, skrifstofustjóri Útilífsborgar,
f.h. Menningar – og íþróttasvið Reykjavíkurborgar

Viðtakandi: Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík, Borgartúni 12-14.

Sendandi: Miðstöð útivistar og útináms f.h. Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur.

Efni: Umsögn um skipulagslýsingu fyrir nýtt deiliskipulag Heiðmerkur.

Athugasemdir Miðstöð útivistar og útináms (MÚÚ) fyrir hönd Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur á skipulagslýsingu vegna nýs deiluskipulags fyrir Heiðmörk: *Heiðmörk - USK24030262*.

1. Í kaflanum *Aðdragandi og tilgangur* kemur fram að tilgangur fyrir vinnu nýs deiliskipulags er að „tryggja verndun hreins neysluvatns“. Ekki kemur fram neinn annar tilgangur fyrir þessari vinnu. Ekki er minnst á útivist eða hvernig skuli tryggja áframhaldandi aðgengi að svæðinu til útivistar.

Í vinnuhópi við deiliskipulagið er enginn talsmaður útivistar eða útilífs. Það er eðlilegt miðað við eina tilgang þessarar vinnu, en við teljum verkefnið of þröngt skilgreint.

Endurskilgreina þarf tilgang verkefnisins. Tilgangur fyrir vinnu nýs deiliskipulags þarf einnig að vera sá að tryggja aðgengi að svæðinu. Að sama skapi þarf að tryggja aðkomu þeirra sem tala fyrir útivist að vinnuhópnum. Þar mætti horfa til fræðimanna og fólks á vettvangi. Einnig mætti skoða hvort skóla- og frístundasvið og menningar- og íþróttasvið Reykjavíkurborgar ættu að eiga fulltrúa í vinnuhópnum.

2. Í kaflanum *Leiðarljós og markmið* kemur fram að það eigi „að tryggja öryggi og óbreytt gæði grunnvatns til langrar framtíðar...“. Í sömu setningu er tekið fram að „svæðið nýtist áfram til útivistar“ á forsendum vatnsverndar.

Öll önnur markmið sem sett eru fram eiga að vera útfærð í samræmi við leiðarljós verkefnisins (í samræmi við vatnsvernd) og því ljóst að aðgangur að útivistarsvæðinu mun skerðast mjög mikið, sérstaklega fyrir börn, aldraða og aðra með skerta hreyfigetu. Þá mun aðgengi skóla- og frístundahópa skerðast mjög mikið eða alveg.

Miðstöð útivistar og útináms leggur til eftirfarandi breytingar á texta:

- Heiðmörk verði áfram fjölbreytt útivistarsvæði með gott aðgengi, allt árið um kring, **fyrir alla aldurs- og þjóðfélagshópa með aukna áherslu á bætt aðgengi fyrir fólk með fjölbreyttar þarfir og skerta hreyfigetu.**
- Heiðmörk verði í ríkara mæli hugsað sem mikilvægur **vettvangur fyrir skipulagt skóla- og frístundastarf**, nám og kennslu, með ávinning náttúruvitundar og náttúrutengingar fyrir börn og ungmenni á höfuðborgarsvæðinu, að leiðarljósi.
- Þróa, skilgreina og styrkja legu göngu- hjóla – og reiðstíga um svæðið svo ólíkar gerðir útivistar og hreyfingar **fái notið fjölbreyttra leiða og ekki komi til árekstra** hagsmunahópa með ólíkar þarfir.

- Gætt verði öruggrar fjarlægðar umferðar ökutækja við grannsvæði vatnsverndar **samhliða góðu aðgengi að öllum helstu svæðum Heiðmerkur, fyrir alla hagsmunahópa.**
- Skilgreina upphafsstaði útivistar **innan Heiðmerkur** með greinargóðum upplýsingum um svæðið
- Framtíðarsýn fyrir háspennulínur innan svæðisins verði mótuð með tilliti til vatnsverndar, **útivistar og útilífs.**

3. Í kaflanum *Tengsl við aðrar áætlanir og stefnur* mætti bæta við Lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar ([Lýðheilsustefna Reykjavíkur | Reykjavík](#)).

Í framtíðarsýn stefnunnar kemur fram að í Reykjavík sé heilsueflandi, sjálfbært og fjölskrúðugt samfélag sem stuðlar að öruggi, jöfnuði og virkri þátttöku íbúa sem búa við góða heilsu og vellíðan. Stefnan hefur það að markmiði að skapa umhverfi og aðstæður sem auka jöfnuð, bæta heilsu og hamingju.

Lýðheilsustefnan styður m.a. við markmið Græna plansins sem er sóknaráætlun Reykjavíkurborgar til 2030 með það að markmiði að borgin verði efnahagslega, umhverfislega og félagslega sjálfbær.

Vinna við nýtt deiliskipulag tengist fleiri heimsmarkmiðum Sameinuðu þjónanna heldur en þeim tveim sem talin eru upp í skipulagslýsingunni. Þar má fyrst nefna markmið nr. **3. Heilsa og vellíðan**. Að auki mæti einnig bæta við markmiði **10. Aukin jöfnuður** og markmiði **11. Sjálfbærar borgir og samfélög**.

Mikilvægi Heiðmerkur, sem útivistarsvæðis með gríðarlegan lýðheilsulegan ávinning, verður að vera sett í öndvegi þegar endurskoðað er, út frá nýjum upplýsingum, hvernig við verndum vatnið okkar til framtíðar, ef mikilvægum hagsmunum allra á að vera gætt. Það er mikilvægt að svæðið verði þróað áfram með lýðheilsuávinning að leiðarljósi, í sátt við vatnsvernd.

Það er ekki hægt að leggja nógu mikla áherslu á hvað veðurfar í Heiðmörk er allt öðruvísi en alls staðar á suð-vestur horninu. Það getur verið erfitt að lýsa því fyrir þeim sem ekki hafa reynslu af útivist í Heiðmörk.

MÚÚ hefur verið með ýmiskonar starfsemi í Heiðmörk, enda eitt áhugaverðasta græna svæðið á höfuðborgarsvæðinu. Má þar nefna:

- Fjölbreytta starfsmannafræðslu í útinámi fyrir kennara og frístundaleiðbeinendur. (Allt frá minni námskeiðum upp í móttöku hópa á starfsdögum starfsstaða.)
- Ýmsa dagskrá og viðburði fyrir skólahópa og aðra hópa sem tengjast skóla- og frístundasviði. Allt frá einstaka bekkjum, upp í móttöku árganga eða skóla.
- Hjólaferni – tilraunaverkefni sem keyrt er út í skólum og nágrenni þeirra en Heiðmörk er einnig notuð sem æfingasvæði.

Oftast er tekið á móti hópum við Furulund og svæðið þar í kring notað. Í flestum tilvikum þarf að undirbúa móttöku hópa með því að setja upp ýmsan búnað sem á að nota í dagskránni. Ef ekki er hægt að komast á bíl þangað, til að flytja búnað, og ekki sé hægt að flytja hóp nemenda á svæðið, þá mun þessi starfsemi leggjast af.

MÚÚ hefur verið að leita leiða til að **opna svæðið** betur fyrir skóla- og frístundahópum. T.d. með því að koma upp lítilli skólastofu, þar sem skólar gætu verið með „rannsóknar“ aðsetur fyrir dagsferðir skólahópa. Svæðið býður upp á óteljandi möguleika til lærdóms, rannsókna og upplifunar.

Í dag er gríðarlega áhersla á að allir snjallvæðist í hvaða formi sem það er. Börn eru orðin tengd við skjáinn frá unga aldri. Því er mikilvægt að styðja möguleika til útivistar, opna enn betur aðgengið en ekki fækka möguleikum, hvort sem um er að ræða í skóla- og frístundastarfi eða fyrir almenning. Á sama tíma er mikilvægt að efla alla fræðslu um möguleika útivistarsvæðisins í Heiðmörk og skapa framtíðarnotendur sem hafa lært að umgangast náttúruna af virðingu.

Virðingarfyllst,

f.h. Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur

Hafsteinn Grétarsson

Miðstöð útivistar og útináms

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Ásdís Ólafsdóttir

Umsögn birt 23.06.2025

Á 139. fundi svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var erindið til umræðu og bókað í fundargerð vegna þess. Meðfylgjandi er umsögn svæðisskipulagsnefndar og fylgibréf með bókun fundarins.

Virðingarfyllst f.h. svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins.

Ásdís Ólafsdóttir

PDF

Umsögn svæðisskipulagsnefndar - Heiðmörk deiliskipulagslýsing.pdf

PDF

Fylgibréf - Umsögn Heiðmörk deiliskipulagslýsing.pdf

25

Veitur

Helga Rún Guðmundsdóttir

Umsögn birt **11.06.2025**

Veitur eiga fulltrúa í starfshópi sem vinnur að deiliskipulagsgerð fyrir Heiðmörk, ásamt fulltrúum Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, Orkuveitu Reykjavíkur, Skógræktarfélags Reykjavíkur og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Í ljósi þess gera Veitur ekki athugasemdir við fyrirliggjandi tillögu.

10